

**VERKFRÆÐISTOFA  
SIGURÐAR THORODDSEN SF.  
ÁRMÚLA 4 . REYKJAVÍK**

**MYNZTURÁÆTLUN  
ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANA**

Gerð fyrir Orkustofnun  
Reykjavík, apríl 1967

**VERKFRÆÐISTOFA  
SIGURÐAR THORODDSEN SF.  
ÁRMÚLA 4 . REYKJAVÍK**

**MYNZTURÁÆTLUN  
ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANA**

Gerð fyrir Orkustofnun  
Reykjavík, apríl 1967

1. Kafli

Mynzturáætlun Þjórsár- og Hvítárvirkjana, bls. 1-1  
til 1-26

Teikningar, 01.07.2.01-.04

2. Kafli

Lýsing virkjana, bls. 2-1 til 2-48

Teikningar, 01.07.2.05-.18

3. Kafli

Frumdrög að mynzturáætlun Þjórsár- og Hvítárvirkjana,  
bls. 3-1 til 3-131

Teikningar, 01.07.1.29-.44 og 01.09.1.31-.37

Raforkumálastjóri  
Laugaveg 116

REYKJAVÍK

Hér með sendum við yður "Mynzturáætlun Þjórsár- og Hvítárvirkjana", sem gerð hefir verið hér á verkfræðistofunni samkvæmt beiðni yðar í bréfi dags. 25.2.1965.

Æætlun er gerð um ákveðna tilhögun á virkjun ánal og þeirri tilhögun skipt í virkjunarstig.

Í tilhöguninni er gert ráð fyrir að virkja um 1816 MW miðað við orkuþörf um 12,2 TWh/a með heildarmiðlun 4,2 TWh eða um 34% af árlegri orkuþörf. Rennslisorka virkjananna er áætluð um 13 TWh/a eða um 106,5% af árlegri orkuþörf. Uppsett afl svarar til um 6700 nýtingarstunda á ári (ársálagstuðull 0,765).

Kostnaðaráætlanir, sem við höfum gert miðað við verðlag í janúar 1966, sýna, að meðalkostnaður uppsetts kw verður um kr. 7.960,- og meðalstofnkostnaður hverrar kwh/a um kr. 1,10.

Virkjun 1. áfanga við Búrfell er hér meðtalín.

Í skrá þeirri, sem sett er aftan við bréf þetta er sýnt yfirlit yfir tilhögunina og skiptingu hennar í virkjunarstig; kostnaður hvers stigs út af fyrir sig og heildarkostnaður við lok hvers stigs.

Afangaskipting þessi er ein af tveimur, sem settar eru fram í kafla 1 hér á eftir, en eins og að líkum lætur, þar sem enn er margt ókannað og undirbúningsrannsóknir af skornum skammti, verður ekki á þessu stigi mál unnt að líta á þessa niðurstöðu okkar sem endanlega ákveðna tillögu að hagkvæmasta virkjunarfyrrirkomulagi á Þjórsár- og Hvítárvæðinu. Á hinn bóginn væntum við þess, að þessi greinargerð okkar verði heppilegur áfangi og létti verk þeirra, er að þessum málum kunna að starfa síðar.

Er það bæði, að henni fylgja frumuppdrættir af virkjunum þeim, sem tilhögunin gerir ráð fyrir, og uppdrættir og gögn er varða aðra þá virkjunarstaði er athugaðir hafa verið auk heimildaðskrár og upplýsinga um þær rannsóknir, er fram að þessu hafa verið gerðar um vatnasvið Þjórsár og Hvítár og okkur eru kunnar.

Á leið okkar að þeirri tilhögun, sem hér er sett fram, höfum við valið og hafnað og þar hefir hagkvæmni ráðið valinu að svo miklu leyti sem hægt er að meta aðstæður, að okkar dómi, miðað við gögn þau sem fyrir hendi eru.

Hefir það t.d. ráðið því hvort virkjun telst hagkvæm eða ekki, að hún sé ekki dýrari í framkvæmd en um kr. 10.000,- fyrir hvert uppsett kw og að hún skili orku sem kostar minna en um kr. 0,15 fyrir hverja unna kWh. Okkur er hins vegar ljóst, að þær aðstæður geti verið fyrir hendi að þessar takmarkanir eigi ekki við.

Eins og viða er vikið að síðar getur sumt í mynzturáætluninni orkað tvímælis og þarf meiri rannsókna við. Á þetta ekki sízt við um sum stíflustæðin, sem eru á hraunum, ísavandamál og fleira.

Þó að það kunni að vera tvítekning skal hér í upphafi bent á nokkur þessara atriða, er varða hina ýmsu virkjunarstaði.

Átta af þeim átján stöðum þar sem mannvirkin verða eru að sumu eða öllu leyti á hraunum runnum eftir ísöld. Sumstaðar er einnig um mjög ungt móberg að ræða. Þetta eru hvortveggja varhugaverðar bergtegundir vegna lekahættu, einkum þó hraunin og vegna erfiðleika við jarðgangagerð móbergið.

Vitað er að árnar, sem hér ræðir um, þetta með tímanum farveg sinn, en ekki er enn vitað hve langan tíma slikt kann að taka og um þetta atriði eru skiptar skoðanir meðal jarðfræðinga.

Nú vill svo til, að stíflurnar, sem á hraunum eru, eru flestar tiltölulega lágar, en þó eru frá þessu undantekningar svo sem stíflan við Bjalla, í Tungnaákróki og við Sultartanga.

Bjallastíflan verður um 40 m há eins og hún er ráðgerð hér. Lónið ofan við hana verður á hraunum, sem ekki hafa nema að mjög litlu leyti orðið fyrir vatnságangi áður og má því búast við miklum leka úr lóninu og eins má ætla að sá leki tapist Tungnaá og skili sér til Rangár. Verður því ekki annað sagt, en að áætlun okkar um svo háa stíflu þarna sé varhugaverð. Á það er einnig rétt að benda, að lón þetta setur Veiðivatnasvæðið í kaf, en það myndi mörgum þykja miður.

Annað stæði undir miðlunarstíflu í Tungnaá, sem til greina getur komið er talsvert ofar eða skammt neðan við ármót Tungnaár og Lónakvíslar, en þar er líka annmörkum háð að stífla vegna mjög erfiðra grundunarskilyrða og um virkjun við þá stíflu yrði vart að ræða. Minnst hefir verið á, að Tungnaá yrði veitt í Þórisvatn. Þetta hefir þó ekki verið kannað af okkur.

Er eins líklegt að þessi hugdetta sé ekki raunhæf, en þó er rétt að fá úr því skorið. Vænta má að leki úr slíkri veitu myndi koma Þjórsárvæðinu að gangi.

Stíflustæði það er við höfum valið í Tungnaárkróki er miðsvæðis í gilinu. Telst okkur til að ódýrast verði að stífla þar.

Sjálft lónstæðið er væntanlega allþétt því þar var fyrrum lón, hins vegar háttar svo til að í gljúfrunum koma fram talsverðar lindir (um 4 kl/s) á mörkum móbergs og neðsta hraunsins þar. Þó að við teljum, að þessi skil megi þéttu svo ekki leki úr lóninu að ráði, má búast við að lindirnar hverfi Þjórsárvæðinu ef þau verða öll þéttuð, sem þó á ekki að þurfa. Þessi atriði þurfa nánari athugunar við og kæmi vel til greina að fára stífluna upp eftir og gera hana efst í gljúfrunum. Þetta breytir þó í engu verulegu niðurstöðum okkar.

Við Hrauneyjafoss er tiltölulega lág stífla, en hún er í tilhögun okkar lögð þvert á ána í stefnu að Hrauneyjarfelli og mun lónstæðið með þessu móti vera að nokkrum hluta á hræunflákum sem óþéttir eru. Hér gæti komið til mála að leggja stífluna meðfram og upp með ánni svo lónstæðið takmarkaðist meira við það svæði sem áin hefir legið á áður. Um þetta atriði mun tilraunin með "Langölduveitu" væntanlega veita mikilsverðar upplýsingar.

Þó að stíflulegunni yrði breytt mundi það heldur ekki breyta verulega niðurstöðum okkar.

Köldukvísl er veitt í Þórisvatn og í tilhögun okkar er gert ráð fyrir að Kaldakvísl og Þórisós verði stífluð með einni stíflu. Áður hafði verið ráðgert að stífla árnar ofar og í tvennu lagi, en það kostar veituskýr milli ánya. Rétt er að benda á, að í reynd kann það að reynast eins hagkvæmt að halda sér að þessari síðarnefndu tillögu vegna jarðtæknilegra vandamála á fyrri staðnum. Ekki mun þetta þó heldur hafa nokkur veruleg áhrif á niðurstöður okkar.

Við Sporðöldu verður landendi stíflunnar á vinstri bakka við og á hrauni. Sjálfsagt verður að gera ráðstafanir til þess að þéttu snertiflöt hrauns og undirlags, og hraunið sjálft nokkuð upp með ánni. Þessi atriði eiga þó ekki að vera vandleyst.

Við Sultartanga gætir sama atriðis og við Hrauneyjafoss, að ef til vill yrði heppilegra að flytja stífluna til, t.d. upp fyrir Vaðoldu og nær Tungnaá. Leki kann að verða úr gljúfrinu inn undir hraunin, en að öðru leyti ætti lónstæðið að vera tiltölulega þétt þar sem Tungnaá hefir velzt þar yfir til og frá. Frárennslisskurður sá, sem gert er ráð fyrir neðan við virkjuna, ætti þó frekar að verða til þess að lekavatn skilaði sér til Þjórsár aftur.

Loks eru þau vandamál við Núp, Urriðafoss og Árhaunsveitu, að jarðvatnshækkun getur átt sér stað og ef til vill valdið tjóni.

Hér skal ekki minnst á fleiri atriði jarðtæknilegs eðlis, en vísað til jarðfræðikaflangs eftir Hauk Tómasson, jarðfræðing.


Hann hefir einnig samið kafla um aurburð ánna. Að því er miðlunar-lón þau sem ráðgerð eru efst í ánum varðar ætti hann ekki að skipta miklu máli, en hins vegar getur hann haft áhrif á inntakslón hinna einstöku virkjana og þá einnig ef til vill á virkjanaröðina og er að því leyti sjálfsgagt að hafa í huga þau vandamál er hann kann að skapa, þegar að hönnun mannvirkja kemur.

Um ísavandamál verður hér látið nægja að vísa til kaflans um þau, en þó skal þess getið að snar þáttur í því að við höfum sett Sultartangavirkjun á 1. virkjunarstig er sá, að sú virkjun myndi allverulega bæta úr hugsanlegum ísavandræðum Búrfellsvirkjunar.

Að lausn verkefnisins hafa unnið verkfræðingarnir Sigurður Þórðarson, Sigurjón Helgason, Sigmundur Freysteinsson og Loftur Þorsteinsson, sem hefir haft stjórn verksins á hendi. Auk þess höfum við notið ágæts samstarfs starfsmanna Raforkumálaskrifstofunnar þeirra Hauks Tómassonar, jarðfræðings og Jakobs Björnssonar verkfræðings.

Við þökkum yður traust það er þér sýnduð okkur með því að fela okkur starf þetta, sem hefir verið einkar fróðlegt og ánægjulegt.

Með kveðjum,



Stig nr.	Virkjun	Afl MW	Heildar- kostn. Mkr.	Rennslis- orka GWh/a	Miðluð orka GWh	Hagkv. orkupörf GWh/a	Hagkv. miðlun GWh	Ath.
0.	Sog Búrfell	88 105	- 1110	590 2720	20 -			Núv. virkjun 1. áfangi
	0. stig	193	1110	3310	20	(1300)		
1.	Pórisvatn Búrfell Sultartangi Búrfell II	- 105 88 73	303 290 880 415	- - 670 -	- 185 45 -			Miðlun 2. áfangi 1. áfangi
	0.-1. stig	459	2998	3980	250	(3000)		
2.	Norðlingaalda Dynkur Gljúfurleitarfoss Búrfell II Sultartangi	39 195 85 72 -	667 1205 536 145 -	290 1140 670 -	130 395 230 410 100			1. áfangi 2. áfangi
	0.-2. stig	850	5551	6080	1515	5400	1600	
3.	Bjallar Tungnaárkrókur Hrauneyjafoss Sporðalda Urriðafoss Sultartangi Búrfell	71 117 102 50 156 - -	1129 726 624 294 1030 - -	470 860 760 370 970 - -	170 325 285 140 270 70 295			
	0.-3. stig	1346	9354	9510	3070	8800	3100	
4.	Dynkur Abóti Sandártunga Sandvatn Tungufell Haukholt Árhraun Urriðafoss Núpur	65 33 90 - 152 51 - 52 115	103 587 895 45 1272 425 408 112 1150	- 220 710 - 1190 410 - 650 900	- 100 260 - 320 105 - 90 270			2. áfangi Veita Veita 2. áfangi
	0.-4. stig	1904	14351	13590	4215	12700	4400	

MYNZTURÆTLUN ÞJÓRSÁR-OG HVÍTÁRVIRKJANA.

<u>0. Inngangur</u>	bls. 1- 1
<u>1. Samanburðaráætlanir</u>	bls. 1- 2
<u>2. Drög að mynzturáætlun</u>	bls. 1- 4
<u>3. Kostnaðaráætlanir</u>	bls. 1- 6
<u>4. Virkjunarstig</u>	bls. 1- 9
<u>5. Ísar</u>	bls. 1-14
<u>6. Jarðfræði</u>	bls. 1-16
<u>7. Aurburður</u>	bls. 1-24
<u>8. TEIKNINGAR</u>	

- 01.07.2.01 Þjórsárvirkjanir, yfirlitsmynd.  
 01.07.2.02 Hvítárvirkjanir, yfirlitsmynd.  
 01.07.2.03 Sniðmynd orkuvera.  
 01.07.2.04 Jarðfræðikort.

## 0. Inngangur

Með bréfi RAFORKUMÁLASTJÓRA dags. 25.5.1965 var Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen falið að gera drög að mynzturáætlun fyrir virkjanir á Þjórsárvæðinu ofan Búrfells. Síðar var verksviðið aukið, þannig að áætlunin skyldi fjalla um Þjórsár- og Hvítárvæðið í heild.

Nánar tiltekið var hér um að ræða að gera yfirlitsáætlun, er sýndi í meginráttum tilhögun á hagkvæmri nýtingu vatnsafslsins á ofangreindu svæði. Ítarlegra kostnaðaráætlana um einstaka virkjunarstaði var ekki óskað í upphafi, en áherzla skyldi lögð á innbyrðis samanburð mismunandi virkjunartilhagana. Nákvæmni kostnaðaráætlana skyldi þannig takmörkuð við það, sem gera þyrfti, til að samanburður gæfi nokkurn veginn ótvíræðar niðurstöður.

Eftir að þessum athugunum væri lokið, var talið æskilegt að gera nokkru ítarlegri kostnaðaráætlun um beztu tilhögunina. Ennfremur yrði athugað, hvernig tilhöguninni verði skipt í hæfilega áfanga og þá haft í huga, að miðlanir og virkjanir á þessu svæði komi í framhaldi af hinni ráðgerðu Búrfellsvirkjun.

Í eftirfarandi greinum 1.-4. er gangi og niðurstöðum áætlunargerðarinnar lýst. Í grein 1. er gerð grein fyrir fyrstu samanburðaráætlunum, en í greinum 2. og 3. eru lokaniðurstöður birtar. Loks er hugsanlegri áfangskiptingu lýst í grein 4.

Athygli er vakin á því, að ekki ber að líta á niðurstöður sem endanlega ákveðna tillögu að hagkvæmasta virkjunarfyrirkomulagi á Þjórsár- og Hvítárvæðinu, og er síðar gerð nokkru nánari grein fyrir því.

## 1. Samanburðaráætlanir.

Fyrsta verkefni okkar var, eins og áður segir, að gera yfirlits-áætlun, sem í meginþráttum sýndi hagkvæma tilhögun á nýtingu vatnssafnsins á vatnasviði Þjórsár og Hvítár. Áætlunargerð þessari er ítarlega lýst í þriðja kafla þessarar álitsgerðar (bls. 3-1 til 3-131). Gerður er fjöldi samanburðaráætlana, þar sem yfirleitt er byggt á yfirlitsuppþráttum í mælikvarða 1:20 000 og ágizkuðu rennsli og miðlunarþörf. Við lokastig þessara athugana eru síðan gerðar áætlanir um orkuvinnslugetu og miðlunarþörf og er þá byggt á skýrslum Raforkumálastjóra um vikumeðaltöl rennslis á samtals 11 rennslismælistöðum, 6 á Þjórsárvæðinu og 5 á Hvítárvæðinu.

Lokaniðurstöður athugananna eru í stuttu máli, að hagkvæmt verði að nýta um 1000 m fallhæð í 14 orkuverum á vatnasviðinu í heild, 685 m í 10 orkuverum á Þjórsárvæðinu og 316 m í 4 orkuverum á Hvítárvæðinu. Orkuvinnslugeta virkjananna er talin um 13,2 TWh/a, en hagkvæmasti rekstur verður við orkuþörf 12,4 TWh/a miðað við heildarmiðlun 4,3 TWh eða um 35% af árlegri orkuþörf. Nánar er virkjunnartilhöguninni lýst í eftirfarandi skrá I.

Tekið skal fram, að ekki ber að líta á virkjunnartilhögunina sem endanlega ákveðna tillögu að hagkvæmasta virkjunarfyrirkomulagi á Þjórsár- og Hvítárvæðinu. Til þess að unnt sé að gera slíka áætlun skortir enn margvíslegar undirbúningsrannsóknir. Við áætlanagerðina hafa enn fremur verið gerðar ýmsar nálganir til einföldunar, svo að settu marki yrði náð með skynsamlegum tilkostnaði. Af þeim sökum höfum við gert sundurliðaða lýsingu á áætlanagerðinni, þannig að unnt verði að gera leiðréttigar og breytingar byggðar á nánari upplýsingum og undirbúningsathugunum, þegar þær verða tiltækar og slíkrar endurskoðunar yrði óskað.

1-3 PJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR  
YFIRLITSÆTLUN

Skrá I

Virkjun	Yfir-vatn m y.s.	Undir-vatn m y.s.	Heildar-fallhæð m	Hæð stíflu vatnsv. km	Lengd rennsv. kl/s	Virkjað MW	Afl G1	Miðlun GWh	Orkuv. geta GWh/a	Ath. Miðlun <sup>1)</sup>
Norðlingaa.	586*	552	34	42	0,35	120	33	1530	1480	265
Dynkur	490	375	115	40	2,24	280	262	-	-	1150
Gljúfurlf.	375	308	67	45	0,45	155	85	-	-	670
Pórisvatn	-	-	-	27	2,80	-	-	700	620	Toppstöð
Langisjör	-	-	-	22	2,60	-	-	200	210	} Miðlun <sup>2)</sup>
Bjallar	575*	505	70	38	2,85	120	66	1100	1150	} Veita <sup>3)</sup>
Tungnaárkr.	505	425	80	56	1,68	180	116	-	-	Miðlun <sup>4)</sup>
Hrauneyjaf.	425	321	104	21	2,94	240	201	-	-	Toppstöð
Sultartangi	297	274	23	27	0,35	370	68	-	-	930
Búrfell	245	126	119	2x3,30	370	355	-	-	-	1210
Núpur	122	85	37	22	2,90	400	115	-	-	540
Abóti	431*	390	41	29	1,20	85	28	1140	880	2815
Sandártunga	390	285	105	43	5,17	110	90	-	-	930
Sandvatn	-	-	-	9	0,00	-	-	-	-	Miðlun <sup>5)</sup>
Tungufell	243	114	129	37	7,27	150	152	-	-	715
Haukholt	114	73	41	46	0,20	150	50	-	-	1190
Árhraun	-	-	-	8	5,50	-	-	-	-	405
Urriðafoss	47	11	36	25	2x1,15	720	206	-	-	-
Samtals		1001			42,95	(47,40)	1827	4670	4340	13190

\* ) Meðalhæð í miðlunarhlöni

- 1) Miðlun
- 2) "
- 3) "
- 4) "
- 5) "

592-577 m y.s.  
571-560 m y.s.  
668-660 m y.s.  
580-565 m y.s.  
439-420 m y.s.

## 2. Drög að mynzturáætlun.

Yfirlits- og samanburðaráætlanagerð var lokið í okt. 1966 og var þá hafizt handa um að gera nokkru ítarlegri kostnaðaráætlunar um valda tilhögun. Tilhögunin, sem hér á eftir verður nefnd mynzturáætlun, er í öllum verulegum atriðum í samræmi við yfirlitsáætlun í skrá I, en helztu breytinga verður getið hér á eftir.

Í yfirlitsáætlun var reiknað með miðlun í Langasjó og veitu þaðan í Tungnaá. A síðast liðnu hausti varð hins vegar ljóst, að jökull hafði gengið það mikið til baka, að aðrennsli Langasjávar var að mestu horfið. Vegna þessa hefur Langasjávarveitu verið sleppt í mynzturáætlun. Í yfirlitsáætlun var ráðgert að virkja um 100 m fallhæð við Hrauneyjafoss í einu lagi. Byggt á frekari upplýsingum um berglög í legi fyrirhugaðra frárennslisganga, er nú horfið að virkjun í tvennu lagi, Hrauneyjafossvirkjun og Sporðölduvirkjun. Aukið er við fallhæð Sultartangavirkjunar með frárennslisskurði í Þjórsá. Kostnaðaráætlunar sýna fremur hagstæða aukningu og að auki mun frárennslisskurðurinn draga úr ísmyndun ofan Búrfellsvirkjunar. Í mynzturáætlun er stíflustæði við Gljúfurleitarfoss nokkru ofar en ráðgert var í yfirlitsáætlun. Með þeirri breytingu verður hagkvæmari aðstaða við gerð framhjárennslisvirkja, en hins vegar lengjast frárennslisgöng.

Lýsingu á einstökum virkjunum er að finna í öðrum kafla þessarar álitsgerðar (bls. 2-1 til 2-48), en í eftirfarandi skrá II er yfirlit yfir virkjanirnar ásamt helztu einkennistölum þeirra. Samkvæmt skrá II og með tilvitnun í athugun á orkuvinnslugetu (rennslisorku) og miðlunarþörf (þriðji kafli, grein 3.6) verða niðurstöður mynzturáætlunar.

A Þjórsár- og Hvítárvæðinu telst hagkvæmt að virkja um 1816 MW miðað við orkuþörf um 12,2 TWh/a með heildarmiðlun 4,2 TWh eða um 34% af árlegri orkuþörf. Rennslisorka virkjananna er áætluð um 13 TWh/a eða um 106,5% af árlegri orkuþörf. Uppsett afl svarar til um 6700 nýtingarstunda á ári (ársálagsstuðull 0,765).

1-5 ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR  
MÝNTURÆTLUN  
HELZTU EINKENNISTÖLUR

Skrá II

Virkjun	Yfir-vatn m.y.s.	Undir-vatn m.y.s.	Nettó-fallhæð m.	Hæð stíflu vatnsv. m	Lengd km	Virkjað rennsli kl/s	Afl MW	Miðlun Gwh	Orkuuva geta GWh/a	Ath.
Norðlingaalda	592 <sup>1)</sup>	552	39,5	42	0,25	120	39,4	1530	1480	290 Miðlun
Dynkur	490	375	112,0	40	2,00	280	260,0	-	-	1140 Toppstöð
Gljúfurl.f.	375	308	66,0	38	1,15	155	85,0	-	-	670
Bórisvatn	- <sup>4)</sup>	-	-	30	1,70	-	-	700	635	- Miðlun-Veita
Bjallar	580 <sup>2)</sup>	505	71,5	39	3,05	120	71,2	1100	1170	475 Miðlun
Tungnaárfkr.	505	425	78,0	58	1,40	180	116,6	-	-	870
Hrauneyjaf.	425	355	68,5	18	1,25	180	102,4	-	-	765
Sporðalda	355	321	33,5	18	0,85	180	50,0	-	-	370
Sultartangi	297	265	28,7	28	3,60	370	88,0	-	-	675
Búrfell	245	126	115,0	-	-	370	355,0	-	-	2710
Núpur	122	85	34,6	22	2,90	400	115,0	-	-	900
Abóti	439 <sup>3)</sup>	390	47,0	29	1,55	85	33,0	1140	880	210 Miðlun
Sandártunga	390	285	99,0	43	5,10	110	90,4	-	-	720
Sandvatn	-	-	-	-	-	-	-	-	-	- Veita
Tungufell	243	114	122,0	37	7,10	150	152,0	-	-	1200
Haukholt	114	73	40,6	46	0,05	150	50,6	-	-	400
Arhraun	-	-	-	9	5,60	-	-	-	-	- Veita
Urriðafoss	47	11	34,8	25	0,90	720	208,0	-	-	1640
Samtals							1816,6	4470	4165	13035
1) Meðalhæð	586	m.y.s.	Miðlun	592-577	m.y.s.					
2) "	575	m.y.s.	"	580-565	m.y.s.					
3) "	431	m.y.s.	"	439-420	m.y.s.					
4)			"	571-560	m.y.s.					

### 3. Kostnaðaráætlanir.

Kostnaðaráætlanir samanburðaráætlana í þriðja kafla álitsgerðarinnar ná aðeins til vinnsluvirkja og eru miðaðar við verðlag eins og það var í ársbyrjun 1965. Áætlanir þessar voru fyrst og fremst ætlaðar til samanburðar, en þó miðaðar við að um raunhæf meðalverð væri að ræða, þótt nokkru gæti skakkað á kostnaði við einstakar virkjanir, þar sem ekki var tekið fullt tillit til sérstakra aðstæðna.

Um einstakar virkjanir mynzturáætlunar hafa verið gerðar lauslegar kostnaðaráætlanir byggðar á frumuppdráttum. Sundurliðun áætlananna er að finna í öðrum kafla ásamt virkjunarlysingum. Eru þar einnig gerðar áætlanir um vegagerð og flutningsvirkni miðað við línum að aðalaðveitustöð við Írafoss. Kostnaði við línum, sem sameiginlegar eru fyrir fleiri en eina virkjun, er skipt milli virkjananna í hlutfalli við afl.

Verðgrundvöllur áætlana er hinn sami og lagður hefur verið til grundvallar í nýgerðum áætlunum verkfræðistofunnar um Laxárvirkjanir (Efstafall) og Austfjarðavirkjanir (Lagarfoss), þ.e. miðaðar við verðlag í ársbyrjun 1966. Meðtalið í kostnaði er beinn byggingarkostnaður, umsjónarkostnaður og vextir á byggingartíma, en frátalið, kostnaður við útvegun vatnsréttinda, skaðabætur til landeigenda og tollar af innfluttu efni og vélum.

Yfirleitt er gott samræmi milli þessara kostnaðaráætlana og fyrri samanburðaráætlana með um 5% meðalhækkun.

Í skrá III er yfirlit yfir kostnaðartölur. Um virkjun við Núp hefur ekki verið gerð sundurliðuð áætlun vegna ónógra gagna (landmælingar), en í yfirliti er reiknað með fyrri áætlun um vinnsluvirkni með um 5% hækkun. Kostnaðartölur fyrir fyrirhugaða virkjun við Búrfell (210 MW) eru byggðar á áætlun Harza frá apríl 1965 einnig með um 5% hækkun.

Samkvæmt skrá III verða helztu kostnaðarniðurstöður mynzturáætlunarinnar.

Heildarverð 1816 MW virkjana á Þjórsár- og Hvítárvæðinu að meðtaldri vegagerð og línum að aðalaðveitustöð við Írafoss er um 14,4 Gkr eða um 7930 kr/kW. Stofnkostnaður á orkueiningu er um 1,18 kr/kWh/a miðað við orkuvinnslu 12,2 TWh/a.

Virkjun	Afl	Vinnslu virki				Samt.	Flutningsvirki 3)			Vega- gerð samt.	Heildar- kostn- aður			
		Stifla	Vatns- vegir	Stöðv- arhús	Vélar		Aðal- spenni-	Há- spennu-	Ymisli.	Samt.				
MW	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.			
Norðlingaaldra	39,4	302	45	18	71	5	188	629	7	16	7	8	667	
Dynkur	260,0	162	216	110	361	18	315	1182	39	51	27	117	9	1308
Gljúfurlf.f.	85,0	78	91	42	137	5	140	493	13	16	8	37	6	536
Bórisvatn	-	112	78	-	-	-	108	298	-	9	-	9	18	325
Bjallar	71,2	420	191	38	111	5	318	1083	12	19	9	40	6	1129
Tungnaárkr.	116,6	110	149	42	179	5	185	670	17	25	13	55	1	726
Hrauneyjaf.	102,4	97	103	42	161	10	159	572	15	22	12	49	3	624
Sporðalda	50,0	18	51	24	94	-	79	266	10	11	6	27	1	294
Sultartangi	88,0	190	143	85	165	5	237	825	14	23	11	48	7	880
Búrfell II*)	145,0	-	128	55	191	-	138	512	16	20	12	48	-	560
Núpur	115,0						1100					45	5	1150 <sup>1)</sup>
Abðtti	33,0	209	89	21	56	5	171	551	6	14	6	26	10	587
Sandártunga	90,4	93	314	58	133	10	230	838	14	24	11	49	8	895
Sandvatn	-			-	-	-		40				3	2	45
Tungufelli	152,0	121	458	76	211	10	334	1210	23	20	14	57	5	1272
Haukholt	50,6	144	-	46	88	5	119	402	8	6	4	18	5	425
Arhraun	-			-	-	-		401				3	4	408
Urriðafoss	208,0	135	130	378	10	285	1073	31	18	15	64	5	1142	
Búrfell **)	210,0						1250					125	25	1400 <sup>2)</sup>
Samtals		1816,6					13395					850	128	14373

\*) Viðbótt við þá virkjun, sem nú er í framkvæmd

\*\*) Virkjun í framkvæmd

1) Byggt á yfirlitsáætlun

2) Byggt á áætlun Harza frá apríl 1965

3) Kostraður við flutningsvirkni miðast við línum að trafossi

#### 4. Virkjunarstig.

Samkvæmt beiðni Raforkumálastjóra höfum við að lokum athugað, hvernig heildarvirkjunartilhögun verði skipt í hæfilega áfanga með hliðsjón af eðlilegu framhaldi af Búrfellsvirkjun.

Í þriðja kafla álitsgerðarinnar, gr. 3.5, er yfirlitsáætlun skipt í fimm virkjunarstig. Sú skipting var fyrst og fremst gerð vegna athugana á hagkvæmri miðlun og orkuþörf við breytilega orkuvinnslugetu.

Í eftirfarandi skrá IV er mynzturáætlun skipt í 5 hugsanlega áfanga (0.-4. stig), þar sem fyrsta stig eru núverandi Sogsvirkjanir og fyrsti áfangi Búrfellsvirkjunar. Auk orkuvinnslugetu (rennslisorku) og áætlaðrar miðlunar eru fyrir síðari virkjunarstig skráðar sennilegar hagkvæmustu miðlanir og orkuþörf og er þá stuðzt við framan greindar athuganir. Tekið skal fram, að hér er um eina af fleiri líklegum áfangaskiptingum að ræða og til ákvörðunar á hagkvæmri orkuþörf og miðlun á fyrstu virkjunarstigum þarf frekari athuganir.

Fyrir annarri mögulegri áfangaskiptingu er gerð grein í skrá V og í skrám VI og VII er gerður samanburður á kostnaði við aukið uppsett afl og aukna áætlaða orkuvinnslu á hverjum áfanga.

ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR  
MYNZTURAÄTLUN  
AFANGASKIPTING

Skrá IV

Stig	Virkjun	Afl	Års-vatn	Miðlun	Orku-stuðull	Rennslis-orka	Miðluð orka	Hagkv. orkupörf	Hagkv. miðlun	Ath.
			MW	GWh/a	GWh/GWh	GWh/a	GWh	GWh/a	GWh	
0.	Sog	88	3500	120	0,168	590	20			Núv. virkj.
	Búrfell	105	10200	-	0,267	2720	-			1. áfangi
	0. stig	193		120		3310	20	(1300)		
	Þórisvatn	-	(1420)	700	-	-	-			Miðlun
1.	Búrfell	105	-	(700)	0,267	-	185			2. áfangi
	Sultartangi	88	10200	(700)	0,066	670	45			
	Búrfell II	73	-	-	-	-	-			1. áfangi
	1. stig	459		820		3980	250	(3000)		
	Norðlingaalda	39	3500	1530	0,084	290	130			
2.	Dynkur	195	4400	(1530)	0,258	1140	395			1. áfangi
	Gljúfurleitarf.	85	4400	(1530)	0,152	670	230			
	Búrfell II	72	-	(1530)	0,267	-	410			2. áfangi
	Sultartangi	-	-	(1530)	0,066	-	100			
	2. stig	850		2350		6080	1515	5400	1600	
	Bjallar	71	3100	1100	0,153	470	170			
	Tungnaárkr.	117	4800	(1800)	0,180	860	325			
3.	Hrauneyjaf.	102	4800	(1800)	0,158	760	285			
	Sporðalda	50	4800	(1800)	0,077	370	140			
	Urriðafoss	156	12100	(3330)	0,080	970	270			1. áfangi
	Sultartangi	-	-	(1100)	0,066	-	70			
	Búrfell	-	-	(1100)	0,267	-	295			
	3. stig	1346		3450		9510	3070	8800	3100	
	Dynkur	65	-	-	-	-	-			2. áfangi
	Ábóti	33	2400	1140	0,090	220	100			
	Sandártunga	90	3100	(1140)	0,228	710	260			
4.	Sandvatn	-	-	-	-	-	-			Veita
	Tungufell	152	4200	(1140)	0,282	1190	320			
	Haukholt	51	4400	(1140)	0,094	410	105			
	Árhraun	-	-	-	-	-	-			Veita
	Urriðafoss	52	8100	(1140)	0,080	650	90			2. áfangi
	Núpur	115	11300	(3330)	0,080	900	270			
	4. stig	1904		4590		13590	4215	12700	4400	

## Skrá V

1-11

ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR  
MYNZTURÁETLUN  
AFANGASKIPTING, 2. TILHÖGUN

Stig nr.	Virkjun	Afl MW	Års- vatn Gl/a	Miðlun Gl	Orku- stuðull GWh/Gl	Rennslis- orka GWh/a	Miðluð orka GWh	Hagkv. orkubörf GWh/a	Hagkv. miðlun GWh	Ath.
0.	Sog Búrfell	88 105	3500 10200	120 0	0,168 0,267	590 2720	20 -	(1300)		1. áf.
0.	stig	193		120		3310	20			
	Pórisvatn	-	1420	700	-	-	-			Miðlun
1.	Búrfell	105	-	(700)	0,267	-	185			2. áf.
	Sultartangi	88	10200	(700)	0,066	670	45			
	Búrfell II	73	-	-	-	-	-			1. Áfangi
1.	stig	459		820		3980	250	(3000)		1. áfangi
	Tungnaárkr.	117	4800	1530+(700)	0,173	830	150			2. áfangi
	Hrauneyjaf.	102	4800	(950)	0,158	760	135			
	Sporðalda	50	4800	(860)	0,077	370	65			
	Sultartangi	-	-	(160)	0,066	-	10			
	Búrfell	-	-	(160)	0,267	-	45			
2.	stig	728		980		5940	655	(4700)		
	Norðl.alda	39	3500	1530	0,084	290	130			
3.	Dynkur	195	4400	(1530)	0,258	1140	395			1. áfangi
	Gljúfur.l.foss	85	4400	(1530)	0,152	670	230			
	Búrfell II	72	-	(1530)	0,267	-	410			2. áfangi
	Sultartangi	-	-	(1530)	0,066	-	100			
3.	stig	1119		2510		8040	1920	(7100)		
	Bjallar	71	3100	1100	0,153	470	170			
4.	Tungnaárkr.	-	-	(940)	0,180	30	175			Miðlun hætt
	Hrauneyjaf.	-	-	(940)	0,158	-	150			
	Sporðalda	-	-	(940)	0,077	-	75			
	Sultart.	-	-	(940)	0,066	-	60			
	Búrfell	-	-	(940)	0,267	-	250			
	Dynkur	65	-	-	-	-	-			2. áfangi
	Ábóti	33	2400	1140	0,090	220	100			
	Sandárt.	90	3100	(1140)	0,228	710	260			
	Sandvatn	-	-	-	-	-	-			Veita
	Tungufell	152	4200	(1140)	0,282	1190	320			
	Haukholt	51	4400	(1140)	0,094	410	105			
	Árhraun	-	-	-	-	-	-			Veita
	Urriðafoss	208	20200	4470	0,080	1620	360			
	Núpur	115	11300	3330	0,080	900	270			
4.	stig	1904		4590		13590	4215	12700	4400	

1-12 ÞJÓRSÁR- OG HVÍTARVIRKJANIR  
MYNZTURÁÆTLUN  
AFANGASKIPTING. KOSTNADARTÖLUR

Skrá VI

Stig	Virkjun nr.	Afl MW	Heildar- kostn. Mkr.	Hagkv. GWh/a	Viðbótar- kostnaður kr/kW	Ath. kr/kWh/a
0.	Sog Búrfell	88 105	- 1110			Núv.virkj. 1. áfangi
	0. stig	193	(1110)	1300	-	-
	Þórisvatn	-	303			Miðlun
1.	Búrfell	105	390			2. áfangi
	Sultartangi	88	880			1. áfangi
	Búrfell II	73	415			
	1. stig	459	2998	3000	7100	1,17
	Norðlingaalda	39	667			
2.	Dynkur	195	1205			1. áfangi
	Gljúfur.l.f.	85	536			2. áfangi
	Búrfell II	72	145			
	2. stig	850	5551	5400	6530	1,06
	Bjallar	71	1129			
3.	Tungnaárkr.	117	726			
	Hrauneyjaf.	102	624			
	Sporðalda	50	294			
	Urriðafoss	156	1030			1. áfangi
	3. stig	1346	9354	8800	7710	1,12
	Dynkur	65	103			2. áfangi
	Abóti	33	587			
4.	Sandártunga	90	895			
	Sandvatn	-	45			Veita
	Tungufell	152	1272			
	Haukholt	51	425			
	Árhraun	-	408			Veita
	Urriðafoss	52	112			2. áfangi
	Núpur	115	1150			
	4. stig	1904	14351	12700	8950	1,28

1-13      ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR  
 MYNZTURAÆTLUN  
 ÁFANGASKIPTING, 2. TILHÖGUN  
 KOSTNAÐARTÖLUR

Skrá VII

Stig nr.	Virkjun	Afl MW	Heildar- kostn. Mkr.	Hagkv. Orkub. GWh/a	Viðbótar- kostnaður kr/kW	Ath. kr/kWh/a
0.	Sog Búrfell	88 105	- 1110			Núv.virkjun 1. áfangi
1.	0. stig Þórisvatn Búrfell Sultartangi Búrfell II	193 -	(1110) 303 290 88 415	1300	-	-
2.	Tungnaárkr. Hrauneyjaf. Sporðalda	117 102 50	726 624 294			Miðlun 2. áfangi
3.	1. stig Norðlingaaldra Dynkur Gljúfurl.f. Búrfell II	459 39 195 85 72	2998 667 1205 536 145	3000 4700 6120	7100	1,11
4.	2. stig Bjallar Dynkur Ábóti Sandártunga Sandvatn Tungufell Haukholt Árhraun Urriðafoss Núpur	728 71 65 33 90 - 152 51 - 208 115	4642 1129 103 587 895 45 1272 425 408 1142 1150		6530	0,97
	3. stig	1119	7195	7100		1,06
	Bjallar Dynkur Ábóti Sandártunga Sandvatn Tungufell Haukholt Árhraun Urriðafoss Núpur	71 65 33 90 - 152 51 - 208 115	1129 103 587 895 45 1272 425 408 1142 1150			2. áfangi
	4. stig	1904	14351	12700	9120	Veita
						Veita
						1,28

## 5. Ísar

Upplýsingum um ísalög á vatnasviðum Þjórsár og Hvítár er safnað af vatnamælingum og orkudeild raforkumálastjóra. A efri hluta Þjórsárvæðisins eru einnig gerðar veðurathuganir, en athuganir veðurstofunnar ná ekki til þess svæðis. Helztu niðurstöður um athuganir fram að þessu er að finna í grein um Þjórsárísa eftir Sigurjón Rist vatnamælingamann Raforkumálastjóra (Sérprentun úr tímaritinu Jökli nr. 12, 1962) og skýrslu um ísaathuganir við Tangafoss og á efri hluta Þjórsárvæðisins veturna 1964-'65 og 1965-'66 eftir Sigmund Freysteinsson verkfræðing (Verkfræðistofa Sig. Thoroddsen). Lítið hefur birzt um Hvítá ennþá; í greininni um Þjórsárísa er þó kort sem sýnir venjuleg ísalög Hvítár um miðjan vetur. Hér verður ekki skýrt frá ísalögum og vísast í þessar heimildir. Ekki þykir tímabært að gera ítarlegar ísaspár studdar útreikningum, heldur verða aðeins settar fram almennar athugasemdir. Skipting í áfanga: sjá skrá IV.

### 1. stig.

Aukin ísmyndun verður í Tungnaá við miðlun úr Þórisvatni. Rétt er að athuga möguleika á að safna ís í farvegi Tungnaár og draga úr ísmyndun. Þegar Sultartangavirkjun er komin, getur lónið þar tekið við þeim ís sem berst ofan að og ísskrið við Búrfellsvirkjun minnkari mikið frá því sem nú er.

### 2. stig.

Nánar þarf að athuga hvort lón við Dynk er nógu stórt. Farvegurinn frá stíflustæði við Norðlingaöldu er brattur og búast má við að áin verði opin niður fyrir Hvanngiljafoss, þegar miðlunarvatni er hleypt út. Lónin við Dynk og Gljúfurleitarfoss verða sennilega undir ísi allan veturinn í flestum árum. Betur verður hægt að meta aðstæður á þessum slóðum, þegar veðurathuganir við Svartá, sem nú er unnið að, liggja fyrir.

### 3. stig.

Engin teljandi vandamál ættu að verða við virkjanirnar í Tungnaá ef Tungnaárkrókur eða Bjallar koma fyrst. Vegna Urriðafossvirkjunar verður að reikna með aðgerðum til að stöðva ísskrið í farvegi Þjórsár ofan virkjunarinnar.

### 4. stig.

Frá ísasjónarmiði er hagkvæmast að byrja efst í Hvítá og virkja niðureftir. Tungufellsþón er aðeins um 20 Gl og alllangt þaðan upp að undirvatni Sandártunguvirkjunar. Nánar þarf að rannsaka ísalög og veðurfar á þessum kafla til að geta metið ísvandamál við Tungufell. - Ísvandamál við Árhraunsveitu og Núp kunna að verða einhver en verða vafalaust auðleyst að fenginni reynslu.

## 6. Jarðfræði.

### 6.1 Almennt

Berggrunnur vatnsviða Þjórsár og Hvítár hefir myndazt á tímabilinu frá því skömmu fyrir ísöld fram til þessa dags.

A jarðfræðiuppdarætti þeim, sem hér fylgir (01.07.2.04) eru sýndar helztu bergtegundir vatnsviðanna og þær jarðlagamyndanir, sem eru það miklar að þær hylja berggrunninn á stórum svæðum.

A uppdráttinn eru markaðar ll tegundir jarðmyndana og auk þess þær gossprungur, sem gósið hafa eftir ísöld.

Sumar þessara tegunda má flokka saman að því leyti að þær eru úr sama efni en misgamlar. Aldur jarðmyndunar getur verið mikilvægur jarðfæknilega séð. Myndunin er alla jafna betur samlímd því eldri sem hún er og hefir því minni vatnsleiðni. Sé hún frá því fyrir síðasta jökultíma hefir fargið frá jök lunum, sem voru 1-2 km þykkir, þjappað henni saman og minnkar þetta enn vatnsleiðni hennar.

Sem dæmi má nefna að myndun sú eða "eining" sem merkt er 1 og er set til orðið eftir jökultíma, eining 4, sem er set til orðið á lokum jökultíma og setberg, eining 7 eru allar úr sama efni og tilorðnar á sama hátt, aðallega sem ár- og vatnaset en munur á þeim er þó áberandi.

Yngsta setið (1) er sundurlaust og auðgræft. Það er einkum í vatnastæðum sem fyllst hafa af aur eftir jökultíma (postglacial). Mörg þessara vatnastæða eru eftir uppistöður, sem mynduðust er hraunrennsli stíflaði ár.

Næst yngsta setið (4) er nokkuð tekið að harðna og bindast saman. Það er aðallega framburður, er barst í sjó fram, þegar sjávarhæð var það mikil í lok jökultíma, að sjór lá yfir mest öllu Suðurlandsundirlendinu. Set þetta er oft nefnt móhella. Á Rangárvöllum er set þetta sandkennt en siltkendara vestar á vatnsviðinu.

Elzta setbergið er tilorðið fyrir síðasta jökultíma og yfirleitt vel samlímt og þjappað. Þessi myndun er mun algengari en uppdrátturinn gefur til kynna. Oftast verður hún sem tiltölulega þunnt millilag og þá helzt milli blágrýtislaga.

Annað dæmi um myndanir náskyldar að efnasamsetningu eru myndun (2), sem er eldfjallaaska og myndanir (5) og (6), móberg. Eldfjallaaskan er eftirjökultímamyndun létt í sér og alveg óhörðnuð.

Móberginu er á uppdrættinum skipt í tvær myndanir eftir aldri. Það sem hér er einu nafni nefnt móberg er ýmist tuff, bólstraberg og breksía. Tuffið er hörðnuð eldfjallaaska tilorðin á síðasta jökultíma eða fyrr. Móbergið er aðallega myndað á jökultímum við gos undir jöklum, en þó getur tuffið einnig hafa myndast á millijökultímum (interglacial). Myndanir merktar nr. 3, 8 og 9 eru blágrýti og grágrýti, þetta eru hraun. Nr. 3 eru eftirjökultímahraun. Lagamót og millilög eru alveg ósamlímd og vatnsleiðnin er mjög mikil.

Nr. 8 eru hraun, er runnið hafa á millijökultímum á seinnihluta ísaldar, en nr. 9 hraun runnin á millijökultímum á fyrri hluta ísaldar og fyrr. Nr. 9 er sú jarðmyndun, sem frá jarðtæknilegu sjónarmiði er bezt þeirra myndana sem uppdrátturinn nær yfir.

Andesit er merkt nr. 10. Myndun þessi er tilorðin á sama hátt og nr. 9. Munurinn milli nr. 9 og 10 liggar í efnasamsetningu. Andesitið er súrara. Andesit hefur mun meiri tilhneigingu en blágrýti til þess að klofna í flögur og jarðtæknilega er þetta aðalmunurinn. Ekki er hér greint á milli aldursflokkar andesitsins, en venjulega er það svipað að aldri og blágrýtis- og móbergsmýndanirnar í kring.

Líparít er hér merkt nr. 11. Það er súrt berg. Ýmist hefur það runnið sem hraun eða og það er þó miklu tíðara að það hefur myndast sem innskot eða hleif. Líparitið er oft mjög flögótt eins og andesit, en brotnar þó yfirleitt í miklu smærri mola.

Líparitið er oft mikið ummyndað og getur það verið erfitt berg og vafasamt ef um jarðgangagerð er að ræða.

#### 6.2 Lýsing einstakra svæða.

Að því er jarðtæknilegar aðstæður til virkjunarframkvæmda varðar má skipta vatnasviði Þjórsár og Hvítár í 5 svæði, þ.e.:

1. Efsti hluti beggja áんな
2. Efri hluti þeirra
3. Tungnaá
4. Miðhluti Þjórsár
5. Neðsti hluti beggja áんな

#### 6.11 Efsti hluti Þjórsár og Hvítár.

Efsti hluti Þjórsár- og Hvítárvæðanna einkennast af tiltölulega ungum jarðögum, mest blágrýti, grágrýti eða móbergi frá mið eða seinnihluta ísaldar. Svæðið nær við Þjórsá nokkuð niður fyrir Norðlingaöldu en við Hvítá nær það rétt að stíflustæðinu við Hvítárvatn. Jarðgangnagerð er sennilega erfið vegna vatnsaga og lélegri samlímingu millilaga og móbergs. Í stíflustæðum er jarðvatn undir þrýstingi, haldið niðri af mórenukápu og er það aðalvandamálið í sambandi við stíflugerð.

#### 6.12 Efri hluti Þjórsár og Hvítár.

Efri hluti Þjórsár- og Hvítárvæðisins er yfirleitt á gömlu bergi mest myndunum nr. 9 eða 6 og nær það við Þjórsá yfir svæðið frá Dynk niður að ármótum Tungnaár og Þjórsár, en við Hvítá frá Ábóta niður að mynni Hvítárgljúfra við Bræðratungu. Á þessu svæði verða vandamál minnst bæði við neðanjarðarmannvirki og stíflugerð. Á þessu svæði geta jarðgöng sennilega víða verið ófóðruð, enda sé tekið tillit til lagskiptingar er jarðgangaleið er valin.

#### 6.13 Tungnaá

Tungnaárvæðið er í heild úr mjög ungum bergtegundum einkum hraunum runnum eftir ísöld og móbergi frá síðasta jökultíma.

Stíflustæðin eru ýmist öll á hraunum eða hafa hraun í öðrum bakka. Lekahætta er því mikil, því jarðvatnshæð er yfirleitt langt neðan við ána. Sjálfsgagt mun leka gæta verulega á öllum stíflustæðum þar í fyrstu og yfirleitt mun lekavatnið ekki skila sér til neðri virkjana í Tungnaá og Þjórsá því jarðvatn hraunanna rennur einkum til Ytri-Rangár. Þó má búast við að lekinn muni fljótt minnka er framburður ánya þeftir hraunin. Slik þéttинг verður þó þeim mun hægari sem fleiri uppistöðulón verða gerð, þar sem þau binda verulegan hluta aurburðarins.

Ekki verður að svo komnu fullyrt um hve mikinn vatnsþrýsting slík aurþéttинг þolir. Samkvæmt tilraunum sem gerðar hafa verið við Þjórsá myndast á fáum vikum þéttинг, sem þolir 1-2 kg ~~cm~~ þrýsting. Hærra gildið á þá einungis við þar sem aðhaldsþrýstingur er töluverður. Sennilegast eru engin algild efri mörk fyrir hvað aurburðarþéttинг þolir mikinn þrýsting. Hitt mun sanni nær að tíminn, sem tekur að mynda þéttingu, er mjög háður þrýstingi og hætta á útgreftri við hraunjaðra vex mjög við aukinn þrýsting. Að öðru leyti eru stöðugleikavandamál lítil fyrir stíflur á hraunum ekki sízt vegna lekans, sem gerir uppþrýsting ólíklegan.

Jarðgangagerð er sennilega fremur örðug og fóðrun alltaf nauðsynleg. Sérstaklega verður jarðgangagerð erfið af göngin liggja verulega undir jarðvatnsborði, vegna mikils innrennslis í göngin í hinu unga móbergi.

#### 6.14 Miðhluti Þjórsár.

Miðhluti Þjórsár nær frá Tungnaá og niður fyrir Skarð. Að þessu svæði eru öll stíflustæði á hraunum og eru því aðstæður þar svipaðar og við Tungnaá. En við jaðar hraunanna að vestan eru eldri myndanir, móberg og blágrýti með skilyrði svipuð og ofar við Þjórsá.

### 6.15 Neðsti hluti Þjórsár og Hvítár.

A neðsta hluta Hvítár- og Þjórsárvæðisins neðan við Bræðratungu og Skarð eru stíflustæði á hraunum, en hér er jarðvatn nærri yfirborði. Munu því stíflumannvirki þar hafa áhrif á jarðvatn til hækunar, sem valdið getur tjóni á ræktarlandi í aðliggjandi sveitum. Þetta þarf sérstakrar athugunar við í hverju einstöku tilfelli og ekki er hægt að gefa neinar almennar reglur um það.

### 6.3 Einstakir virkjunarstaðir.

#### 6.31 Efri Þjórsá og Tungnaá.

##### 6.31.1 Þjórsá við Norðlingaöldu.

Stíflustæðið er á þykkum mórenuöldum en undir þeim er unglegt grágrýti og móberg. "Artestiskur" þrýstingur er á jarðvatni berggrunnsins og er mikið um lindir við og í Þjórsá. Vegna vatnsaga má því búast við erfiðleikum við neðanjarðarmannvirki.

##### 6.31.2 Dynkur.

Stíflustæðið er á nokkuð þykkum blágrýtislögum, sem halla til norðausturs. Undir þessum blágrýtislögum eru nokkur setlög og neðst við Dynk er móberg. Líklegt er, að neðanjarðarmannvirki verði í því móbergi, sem er nokkuð þétt orðið og samlímt.

##### 6.31.3 Gljúfurleitarfoss.

Undir móberginu við Dynk eru blágrýtislög með nokkrum setlögum á milli. Í þeirri myndun verða mannvirki við Gljúfurleitarfoss.

##### 6.31.4 Þórisvatn.

Stíflustæði við Þórisvatn er á þunnu hrauni í þeim hluta þess þar sem stífla verður hæst. Þetta hraun er að miklu leyti aðeins um 5 m þykkt, en undir því er möl og sandur yfir 10 m þykkur. Stíflustæðið er því nokkuð erfitt vegna leka um hraun og sand,

sem skapað geta stöðugleikavandamál. Efri stíflustæðin á Þórisós og Köldukvísl eru ekki eins erfið hvað þetta snertir.

Göng frá Þórisvatni til suðurs eru á mjög ungu móbergi og þurfa því vafalaust fóðrun. Einnig verða þau erfið í gerð vegna vatnsaga en þó ættu þau vandamál að vera minni þarna en annars staðar þar sem stungið hefur verið upp á göngum úr vatninu þar eð þau koma ekki mjög nærri vatninu sjálfu.

#### 6.31.5 Bjallar.

Stíflustæði er á hraununum og er stíflan sú lang hæsta sem stungið er upp á á hraunum. Vandamálið er eins og annars staðar á hraunum lekinn í gegnum þau og sérstaklega við jaðra þeirra. Hinn mikli vatnsþrýstingur gerir það líklegt að þéttинг af aurburði taki miklu lengri tíma en þar sem um meðalháar og lágar stíflur er að ræða. Jarðgöng munu verða í ungu móbergi, sem þarfnað fóðrunar.

#### 6.31.6 Tungnaárkrókur.

Stíflustæðið er á hraunum og kemur jarðvatn frá hraununum inn í gljúfrin á stíflustæðinu og rétt ofan við og neðan við. Í Tungnaárkróki var á tímabili mikið lón Krókslón en í það settist leir og kísilgúr og þétti vatnsstæðið. Leirinn var jarðhitaummyndun frá Torfajökulssvæði en ekki jökulleir. Lónsstæðið í Tungnaárkróki er því nokkuð vel vatnspétt þótt á hraunum sé. Vandamálið þar verður því lindirnar í gljúfrinu og hvað verður um vatn, sem tapast vegna leka. Ef stíflað er neðan við lindir mun allt lindvatn tapast Tungnaár- og Þjórsárvirkjunum; því það mun fá afrennsli til Ytri Rangár og auk þess mun glatast sá leki sem kann að verða. Sé stíflað ofan við aðallindasvæðið munu lindirnar skila sér áfram inn í gljúfrið og lekavatn mun komast þangað einnig að minnsta kosti að nokkru leyti. Það er því æskilegt vegna Þjórsár- og Tungnaárvirkjana að hafa stífluna ofarlega. Jarðgöng verða í ungu móbergi eins og við Bjalla.

### 6.31.7 Hrauneyjafoss.

Stífla er á hraunum. Er hún lág og ætti því að mega búast við að uppistöðulónið þéttist flijótlega. Jarðgöng verða í ungu bólstrabergi.

### 6.31.8 Sporðalda.

Hér eru sömu jarðfræðilegu skilyrði og við Hrauneyjarfoss, nema hvað að í hægri bakka er þarna mjög þykk mórena. Stöðvarhús og vatnsvegir verða í henni að nokkru, en að öðru leyti í bólstrabergi.

### 6.31.9 Sultartangi.

Stíflustæði á hraunum. Niður við Tangafoss milli Tungnaár og Vaðoldu eru gerfigígar í hrauninu en undir efsta hrauni eru vatnaset. Stíflustæðið er því á þeim kafla mjög lekt. Skurður með Sandafelli og stöðvarhús mun vera í blágrýtis og andesitlögum.

## 6.32 Neðri Þjórsá og Hvítá.

### 6.32.1 Núpur.

Stíflustæðið er á hraunum en jarðgöng og stöðvarhússtæði í blágrýtislögum gömlum og þéttum að því er bezt verður séð. Göng verða þó að fara í gegnum hraun og liggja í gamla berginu undir hrauni. Þarf þessi aðstaða nákvæmrar rannsóknar við.

### 6.32.2 Urriðafoss.

Stíflustæðið er á gömlum og þéttum blágrýtislögum en rétt ofan stíflustæðis er hraun í hægri bakka. Jarðgöng og stöðvarhús eru í gamalli blágrýtismyndun sem er nokkuð þétt sprungin. Að minnsta kosti er einn berggangur á leiðinni.

### 6.32.3 Hvítá við Ábóta.

Stíflustæðið er að mestu gamalt þétt blágrýti þakið þykkum mórenum. Yfirlallið er þó á ungu grágrýti. Vatnsvegir og stöðvarhús eru í gömlu blágrýti, sem er nokkuð þétt sprungið á þessu svæði.

### 6.32.4 Hvítá við Bláfell.

Stíflustæði í Hvítá verður í nokkuð gömlu móbergi og bólstrabergi og er stíflustæðið á sprungusvæði með sömu sprungustefnu og áin.

Stíflustæði í Sandá er á gömlu þéttu blágrýti. Stöðvarhús mun verða í gömlu móbergi og einnig töluverður hluti jarðganga. Sennilega þarf því að fóðra þau að mestu.

### 6.32.5 Tungufell.

Stíflustæðið er á nokkuð gömlu og þéttu blágrýti einnig munu aðrennslisgöng verða í því. Stöðvarhús og frárennslisgöng verða aftur á móti í gömlu móbergi.

### 6.32.6 Haukholt.

Stíflustæðið er á gömlu blágrýti, nokkrum lögum án verulegra millilaga.

### 6.32.7 Hvítárveita Arhraun-Urriðafoss.

Stíflustæðið er hraunjaðar en veituskurður er að mestu í hraunum. Aðalvandamálið verður áhrif þessarar veitu á jarðvatn á Skeiðum. Má búast við að jarðvatnsborðið geti hækkað svo að jarðir á Skeiðum verði fyrir tjóni af þeim völdum.

## 7. Aurburður

Aurburðarmælingar hafa nú um nokkurra ára skeið verið gerðar í Þjórsá og Hvítá og hafa aurburðarsýnishornin verið rannsókuð með tilliti til heildarmagns aurs í ánum og kornastærðardeifingar. Þessi sýnishorn hafa verið notuð til þess að reikna út samband (lykla) milli aurburðar og rennslis á nokkrum stöðum.

Flest sýnishornanna eru tekin að sumri til. Á öðrum árstíðum eru þau svo fá, að enn er ekki unnt að gera lykla milli aurburðar og rennslis fyrir hverja árstíð fyrir sig. Þó er ljóst, að aurburðurinn er öðru vísni að sumri en vetri til, bæði að því er magn og samsetning varðar.

Í töflu I eru sýndar niðurstöður á útreikningi af svifaursmagni miðað við sama lykil fyrir allt árið.

<u>Tafla I</u>	Heildar svifaurs tonn á ári	Svifaур en 0,02 mm tonn á ári	Svifaур finni tonn á ári	Rúmmál grófari sem set m³ á ári
Hvítá við Iðu	850.000	380.000	530.000	280.000
Þjórsá við Urriðaf.	5.170.000	2.725.000	2.300.000	2.000.000
Tungnaá við Hald	3.170.000	2.560.000	860.000	1.900.000

Í útreikningunum, sem taflan byggir á er magn af finum og grófum svifaür fundið með sérstökum aurburðarlyklum fyrir hvora tegund fyrir sig. Heildaraurmagnið verður því ekki alveg sama og summa af magni fíns og grófs svifaurs.

Botnskrið hefur verið áætlað í Hvítá ofan við Hestvatn og í Þjórsá ofan við Urriðafoss með útreikningi samkvæmt Einstejnsjöfnu.

Niðurstöður eru eftirfarandi:

## Tafla II

	Botnskrið tonn á ári	Rúmmál sem set m³ á ári
Hvítá við Útverk	680.000	500.000
Hvítá við Svartagil I	550.000	405.000
Hvítá við Svartagil II	750.000	555.000
Þjórsá við Blesastaði	1.090.000	800.000
Þjórsá við Murneyri	880.000	645.000

Fyrstu tveir liðirnir í töflu II voru gerðir árið 1961, en síðustu þrír liðirnir á árinu 1967. Voru þeir reiknaðir í tölvu. Sú reikningsaðferð gat því verið mun ítarlegri og því ekki að vænta sömu útkomu. Niðurstaða virðist þá vera að botnskrið Hvítár sé um  $500.000 \text{ m}^3$ , en Þjórsár nokkru meira, um  $700-800 \text{ þús. m}^3$  á ári.

Nærri mun láta að leggja megi saman botnskrið og svifaур til þess að fá heildaraurburð því bæði kornastærðar- og bergfræðileg greining benda til þess að hér sé að mestu um sifft hvort efnið að ræða.

Heildaraurburð má því áætla eftirfarandi:

### Tafla III

	Heildaraurburður í tonnum á ári	Þar af botnskrið og grófur svifaур	Botnskrið og grófur svifaур í $\text{m}^3$ á ári
Hvitá	1.500.000	850.000	630.000
Þjórsá	6.000.000	3.500.000	2.600.000
Tungnaá	3.500.000	2.300.000	1.700.000
Þjórsá efri	2.500.000	1.200.000	900.000

Vandamál þau, sem skapast vegna aurburðar ánnar eru þrennskonar:

1. Aurburðurinn fellur út í uppistöðulónunum og fyllir þau smám saman.
2. Ofan við uppistöðulón hækkar árfarvegurinn vegna þess að hluti aurburðarins fellur út þar. Þetta getur haft áhrif á næstu virkjun fyrir ofan og hækkað bakvatn hennar.
3. Þegar verulegur hluti grófs aurburðar er stöðvaður í uppi-stöðulóni má búast við breytingum á farvegum fljótanna þar fyrir neðan þannig að þar verið útgröftur. Getur þetta lækkað undirvatn stöðva sem ekki hafa bergþróskuld rétt neðan við.


Í stórum uppistöðulónum má búast við að allur grófur aur falli út og eitthvað af finna aurnum. Allur fíni aurinn er upprunninn úr jöklunum. Grófi aurinn er sjálfsagt þaðan kominn að töluverðu leyti líka en áfok og eyðing jarðvegs á þar einnig drjúgan hlut.

Eldfjallaaska er mikill hluti grófa aursins og er hún ýmist komin úr jarðvegi eða fokin af ógrónum sandsvæðum. Við öskugos margfaldast grófur aurburður og við stærstu Heklugos hafa ár breyzt í leðjustrauma meðan á öskufallinu stóð og fyrst á eftir.

Athyglisvert er hversu mikill grófur aurburður er í Tungnaá, en hún er að mestu umlukt algerum sandauðnum, en hann er miklu minni í efri hluta Þjórsár, sem fellur um gróið land allt inn undir jökul. Upp við jökul hefur Tungnaá þó sennilega enn meira af grófum aurburði, en verulegur hluti hans sezt til á flata kaflanum frá Svartakambi niður að Svartakróki. Síðan bætist nýr grófur aurburður með nýju sandfoki.

Ekki er hér rúm til að gera spá um fyllingarhraða einstakra uppi-stöðulóna að svo stöddu, en það fer mjög eftir í hvaða röð virkjanir eru gerðar því alltaf sezt mest í efsta uppistöðulónið á hverjum tíma. En grófur aurburður getur þó bætzt við neðan efsta uppistöðulóns vegna áfoks allt niður að láglendi, en varla teljandi úr því, þar sem allt land, sem að ánum liggur er þar gróið.


ÞJÓRSÁ, efri hluti  
YFIRLITSMYND



RAFORKUMÁLASTJÓRI


ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR  
Mynzturáætlun. Þjórsá. Yfirlitsmynd.

T: L.P. R.I.B.S.H.S.P. V.: S: *R. Guðmundsson* Dato: 5.5.1967 M:  
SIGURDUR THORODDSEN, VERKFREÐISTOFA S.F.  
MIKLUBRAUT 34, REYKJAVÍK, SÍMI 54875 01.07.201



<b>RAFORKUMÁLASTJÓRI</b>	
ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR	
Mynzturaoætlun. Hvítá. Yfirlitsmynd.	
T: L.B.	R: L.B.S.H.S.P.Y.
S: 7.5.1967	
M: 01072.02	
SIGURDUR THORODDSEN, VERKFRAÐISTOFNA S.F.	
MIKLUBRAUT 34, REYKJAVÍK, SÍMI 14678	

Virkjun.	Virkjað rennslí kl/s	Afl MW	Rennslis- orka GWh/a	Miðlun GI	Miðlun GWh
NORDLINGAALDA	120	39	290	1530	1480
DYNKUR	280	260	1140	-	-
GLÚFURLEITARF.	155	85	670	-	-
ÞÓRISVATN	míðlun	-	700	635	
BJALLAR	120	71	475	1100	1170
TUNGNAÁRKUR.	180	117	870	-	-
HRAUNEYJAF.	180	102	765	-	-
SPORDALDA	180	50	370	-	-
SULTARTANGI	370	88	675	-	-
BÚRFELL	370	355	2710	-	-
NÚPUR	400	115	900	-	-
ABÓTI	85	33	210	1140	880
SANDARTUNGA	110	90	720	-	-
SANDVATN	veita	-	-	-	-
TUNGUFELL	150	152	1200	-	-
HAUKHOLT	150	51	400	-	-
ÁRHRAUN	veita	-	-	-	-
URRIÐAFOSS	720	208	1640	-	-
Samtals		1816	13035	4470	4165




## RAFORKUMÁLASTJÓRI

ÞJÓRSÁR- OG HVÍTÁRVIRKJANIR  
Mynzturáætlun. Sniðmynd orkuvera.

T: L.R. R: S.H.S.B.L.B.Y. S: *[Signature]* Dated 13. 4. 1967 M:  
SIGURDUR THORODDSEN, VERKFÆDISTOFA S.F.  
MIKLUBRAUT 34, REYKJAVÍK, SÍMI 54-878

01.07.2003



- I NORDLINGAALDA  
 II DYNKUR  
 III GLJÚFURLEITARFOSS  
 IV BJALLAR  
 V TUNGNAÁRKRÓKUR  
 VI HRAUNEYJARFOSS  
 VII SPORDALDA  
 VIII SULTARTANGI  
 IX BÚRFELL  
 X NÚPUR  
 XI ÁBÓTI  
 XII SANDÁRTUNGA  
 XIII TUNGUFELL  
 XIV HAUKHOLT  
 XV URRÍDAFOSS  
 XVI HÓRISVATN  
 XVII SÁNDVATN  
 XVIII ÁRHRAUN

Jarðfræðiupprættirinn er gerður af  
 Hauki Þómassyni jarðfræðingi  
 RAFORKUMÁLASTJÓRA.

**RAFORKUMÁLASTJÓRI  
 ÞJÓRSÁR OG HVITÁRVIRKJANIR  
 Mynsturaætlun Jarðfræðikort**

T.: K.K.	R.: H.T.	Y.: s.Th.	S.: s.Th.	Dags. 10.7.67	M.:
SIGURÐUR THORODDSEN . VERKFRAÐISTOFA					
ÁRMÚLA 4 REYKJAVÍK Simi 81575			0107204		

LÝSING VIRKJANA01. NORDLINGAALDA

- 01.1 Almennt
- 01.2 Lýsing mannvirkja
- 01.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-2 til 2-4

02. DYNKUR

- 02.1 Almennt
- 02.2 Lýsing mannvirkja
- 02.3 Kostnaðaráætlun

bla. 2-4 til 2-6

03. GLJÚFURLEITARFOSS

- 03.1 Almennt
- 03.2 Lýsing mannvirkja
- 03.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-7 til 2-9

04. ÞÓRISVATN

- 04.1 Almennt
- 04.2 Lýsing mannvirkja
- 04.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-10 til 2-12

05. BJALLAR

- 05.1 Almennt
- 05.2 Lýsing mannvirkja
- 05.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-13 til 2-15

06. TUNGNAÁRKRÓKUR

- 06.1 Almennt
- 06.2 Lýsing mannvirkja
- 06.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-16 til 2-18

07. HRAUNEYJAFOSS

- 07.1 Almennt
- 07.2 Lýsing mannvirkja
- 07.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-19 til 2-21

08. SPORÐALDA

- 08.1 Almennt
- 08.2 Lýsing mannvirkja
- 08.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-22 til 2-24

09. SULTARTANGI

- 09.1 Almennt
- 09.2 Lýsing mannvirkja
- 09.3 Kostnaðaráætlun

bls. 2-25 til 2-27

<u>10. BÚRFELL II</u>	bls. 2-28 til 2-31
10.1 Almennt	
10.2 Lýsing mannvirkja	
10.3 Kostnaðaráætlun	
<u>11. ÁBÓTI</u>	bls. 2-32 til 2-34
11.1 Almennt	
11.2 Lýsing mannvirkja	
11.3 Kostnaðaráætlun	
<u>12. SANDÁRTUNGA</u>	bls. 2-35 til 2-37
12.1 Almennt	
12.2 Lýsing mannvirkja	
12.3 Kostnaðaráætlun	
<u>13. TUNGUÆELL</u>	bls. 2-38 til 2-40
13.1 Almennt	
13.2 Lýsing mannvirkja	
13.3 Kostnaðaráætlun	
<u>14. HAUKHOLT</u>	bls. 2-41 til 2-43
14.1 Almennt	
14.2 Lýsing mannvirkja	
14.3 Kostnaðaráætlun	
<u>15. ÁRHRAUN</u>	bls. 2-44 til 2-45
15.1 Almennt	
15.2 Lýsing mannvirkja	
15.3 Kostnaðaráætlun	
<u>16. URRIÐAFOSS</u>	bls. 2-46 til 2-48
16.1 Almennt	
16.2 Lýsing mannvirkja	
16.3 Kostnaðaráætlun	
<u>17. TEIKNINGAR</u>	
01.07.2.05	Norðlingaalda
01.07.2.06	Dynkur og Gljúfurleitarfoss
01.07.2.07	Pórisvatn
01.07.2.08	Bjallar
01.07.2.09	Tungnaárkrókur
01.07.2.10	Hrauneyjafoss og Sporðalda
01.07.2.11	Sultartangi
01.07.2.12	Búrfell II
01.07.2.13	Ábóti
01.07.2.14	Sandártunga
01.07.2.15	Tungufell
01.07.2.16	Haukholt
01.07.2.17	Árhraun
01.07.2.18	Urriðafoss

## 01. Norðlingaalda

### 01.1 Almennt

Þjórsá er stífluð á móts við Norðlingaöldu. Auk stíflunnar í árfarveginum þarf fimm minni stíflur í lægðir beggja vegna árinnar, og verður ein þeirra, vestan ár, gerð sem yfirfallsstífla.

Inntak verður á vinstri bakka og aðrennslisgöng frá því að jöfnunarþró, sem ráðgert er að verði að nokkru byggð inn í neðri fláa stíflunnar. Þar greinast göngin og liggur önnur greinin að stöðvarhúsinu sem verður ofanjarðar á árbakkanum. Hin greinin liggur út í ána lítið eitt neðar, og er ráðgert að ánni verði veitt um hana á byggartímanum, en síðan verði þar veitt því vatni, sem hleypa þarf fram hjá virkjuninni vegna miðlunar.

Venjuleg yfirvatnshæð verður 592 m y.s., þegar miðlunarlón er fullt, en ráðgert er að nýta 1530 Gl miðlun. Svarar það til 15 m niðurdráttar, eða niður í 577 m y.s. Venjuleg undirvatnshæð er 552 m y.s. Verg fallhæð verður því 25-40 m.

### 01.2 Lýsing mannvirkja

#### 01.21 Stífla

Ráðgert er, að stíflan í árfarveginum og þrjár minni stíflur í lægðum austan árinnar og ein vestan hennar, verði fyllingarstíflur með péttikjarna úr jökulurð. Krónuhæð þeirra verður 595 m y.s., mesta hæð í árfarveginum um 42 m og krónulengd samtals um 5600 m.

Krónuhæð yfirfallsins, sem verður í grunnri lægð vestan árinnar, er 592 m y.s., og yfirfalls lengd 950 m. Yfirfallið flytur um 3300 kl/s, þegar vatnshæðin er 593.4 m y.s.

#### 01.22 Vatnsvegir og orkuver

Inntakið verður um 100 m ofan við stífluna. Þar er gert ráð fyrir að verði ristar og falsar fyrir plankalokur.

Aðrennslisgöngin að jöfnunarþrónni verða um 140 m löng. Ráðgert er að þau verði steypufóðruð með skeifulaga þversniði  $57 \text{ m}^2$  að flatarmáli.

Jöfnunarþróin verður 24 m í þvermál og 25 m á dýpt. Þar af eru 10 m sprengdir niður í bergið. Við jöfnunarþróna greinast göngin og verða hjólllokur á báðum greinum. Lokuspilin verða í húsi uppi á þrónni, en aðgangur að því verður frá stíflukrónunni.

Ráðgert er að framhjárennslisgöngin verði að mestu ófóðruð,  $57 \text{ m}^2$  í þverskurðarflatarmál. Lengd þeirra frá jöfnunarþrónni verður um 150 m.

Göngin frá jöfnunarþrónni að stöðvarhúsínu verða um 85 m löng. Gert er ráð fyrir að þau verði steypufóðruð með hringlagu þversniði, 7 m í þvermál. Frá stöðvarhúsínu verður 60 m langur frárennsliskurður.

### 01.23 Vélasamstæða

Gert er ráð fyrir einni vélasamstæðu. Vatnsvélin verður af Kaplan gerð, 57.300 hö að ástimpluðu afl. Hönnunarfallhæð er 39,5 m og vatnsnotkun 120 kl/s við ástimplað afl. Vatnsvél og rafali eru samása, snúningshraði 187,5 sn/min.

Ástimplað afl rafala verður 43.700 KVA miðað við  $\cos\varphi = 0,9$ .

### 01.3 Norðlingaalda. Kostnaðaráætlun

#### a) Miðlunar- og vinnsluvirkni

Innréttингар á vinnustað	30 Mkr.
Stíflur og vatnsvarnir	302 -
Vatnsvegir, jöfnunarþró, lokur	45 -
Stöðvarhús og frárennsli	18 -
Vatnsvél og rafali	56 -
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	<u>15 -</u>

Samtals	466 Mkr.
Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	62 -
Umsjónarkostnaður um 8%	<u>42 -</u>

Beinn kostnaður	570 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>54 -</u>
<u>Heildarkostn. miðlunar og vinnsluvirkja</u>	<u>624 Mkr.</u>

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	7 Mkr.
Háspennulínur	<u>16</u> -

Samtals	23 Mkr.
---------	---------

Öfyrirséð um 10%	2 -
Umsjónarkostnaður um 8%	<u>2</u> -

Beinn kostnaður	27 Mkr.
-----------------	---------

Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>3</u> -
----------------------------------	------------

<u>Heildarkostnaður flutningsvirkja</u>	<u>30</u> Mkr.
---	----------------

c) Stöðvarvarðabústaðir, <u>heildarkostn.</u>	5 Mkr.
---	--------

d) Vegagerð, <u>heildarkostnaður</u>	8 Mkr.
--------------------------------------	--------

<u>Virkjunar- og miðlunarkostn. samtals</u>	<u>667</u> Mkr.
---	-----------------

0.2 Dynkur02.1 Almennt

Þjórsá er stífluð um hólma sem verður um 2 km fyrir ofan Dynk. Hæðin á ánni er þar um 460 m y.s. Yfirfall og flóðgáttir eru á hægri bakka en inntak á vinstri bakka. Orkuver neðanjarðar og frárennslisgöng niður fyrir Dynk. Venjulegt yfirvatn 490 m y.s. og undirvatn 375 m y.s. Verg fallhæð 115 m.

02.2 Lýsing mannvirkja02.21 stífla

Gert er ráð fyrir fyllingarstíflu með péttikjarna úr jökulurð. Í framhaldi af aðalstíflunni á hægri bakka verða flóðgáttir með geirarlokum og steypit yfirfallsstífla. Krónuhæð alstíflunnar er 493 m y.s., mesta hæð hennar er um 40 m og krónulengd um 700 m.

Yfirlfallskrónan er í hæð 490 m y.s., og yfirlfalls lengd 200 m. Flóðgáttirnar eru fimm talsins, hver um sig 15 m á breidd. Þróskuldhæðin er 485 m y.s.

Með vatnsborði í 491,7 m y.s. verður flutningsgeta yfirlalls og flóðgátta samtals um 3600 kl/s.

Veitugöng til notkunar á bygginartímanum eru ráðgerð í hægri árbakkanum. Þau verða ófóðruð um  $100 \text{ m}^2$  að þverskurðarflatarmáli.

Varnarstífla verður efst í eystri árkvíslinni, en í þeirri vestari fellur varnarstíflan inn í aðalstífluna.

Meðan á gerð veituganga og varnarstíflu í vestari kvíslinni stendur, er ráðgert að allri ánni verði veitt um eystri kvíslina.

#### 02.22 Vatnsvegir og orkuver

Inntakið er innbyggt í stífluna á vinstri árbakka. Vélasamstæðurnar fjórar hafa hver sitt inntak með ristum og lokubúnaði (geiralokum). Fallgöng koma lóðrétt niður frá inntakinu. Þau eru steypufóðruð með hringлага þversniði, 4,5 m í þvermál. Stöðvarhúsið er neðanjarðar af venjulegri gerð. Gólf í vélasal er um 90 m undir yfirborði jarðar.

Aðkeyrslugöng eru um 500 m að lengd með halla 1:8.

Sográsirnar opnast út í sveiflusvelg með steyptri hvelfingu, um  $800 \text{ m}^2$  að flatarmáli.

Frárennslisgöngin eru um 1900 m löng, steypufóðruð þar sem þess gerist þörf. Þversniðið er skeif ulaga,  $72 \text{ m}^2$  að flatarmáli.

#### 02.23 Vélasamstæður

Vélasamstæður eru fjórar. Vatnsvélar eru af Francis gerð, 94.600 hö að ástimpluðu aflí. Hönnunarfallhæð er 112 m og vatnsnotkun við ástimplað afl 70 kl/s. Vatnsvélar og rafalar eru samása, snúningshraði 187,5 sn/mín. Ástimplað afl rafala er 72.000 kVA miðað við  $\cos\phi = 0,9$ .

02.3 Dynkur. Kostnaðaráætlun

## a) Vinnsluvirkni

Innréttningar á vinnustað	30 Mkr.
Stífla, veitugöng, vatnsvarnir	162 -
Inntak, lokur, fallgöng	62 -
Stöðvarhús og aðkeyrsslugöng	110 -
Frárennslisgöng og sveiflusvelgur	154 -
Vatnsvélar og rafalar	265 -
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	96 -
Samtals	<u>879 Mkr.</u>
Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	105 -
Umsjónarkostnaður um 8%	<u>79 -</u>
Beinn kostnaður	1063 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>101 -</u>
Heildarkostnaður vinnsluvirkja	<u>1164 Mkr.</u>

## b) Flutningsvirkni

Aðalspennistöð	39 Mkr.
Háspennulínur	<u>51 -</u>
Samtals	90 Mkr.
Ófyrirséð um 10%	9 -
Umsjónarkostn. um 8%	<u>8 -</u>
Beinn kostnaður	107 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>10 -</u>
Heildarkostnaður flutningsvirkja	<u>117 Mkr.</u>

c) Stöðvarvarðabústaðir, heildarkostn. 18 Mkr.d) Vegagerð, heildarkostnaður 9 Mkr.

Virkjunarkostnaður samtals: 1308 Mkr.

## 03. Gljúfurleitarfoss

### 03.1 Almennt

Þjórsá er stífluð um 800 m fyrir ofan fossinn, þar sem áin er í um 340 m hæð yfir sjó. Flóðgáttir eru á vinstri bakka en inntak á hægri bakka og aðrennslisgöng frá því að jöfnunarþró, sem verður á móts við fossinn. Stöðvarhús er ofanjarðar við ána neðan við fossinn. Venjuleg yfirvatnshæð er 375 m y.s., og undirvatnshæð 308 m y.s. Verg fallhæð verður því 67 m.

### 03.2 Lýsing mannvirkja

#### 03.21 Stífla

Gert er ráð fyrir fyllingarstíflu með þéttikjarna úr jökulurð í árfarveginum, en flóðgáttastíflu með geiralokum á vinstri bakka. Er þar nær láréttur stallur í hlíðinni, og góðar aðstæður fyrir framhjárennslisvirki. Krónuhæð alstíflunnar er 378 m y.s., mesta hæð um 38 m og krónulengd um 140 m. Flóðgáttirnar eru fimm talsins, hver um sig 18 m á breidd. Þróskuldshæðin er 368 m y.s. Við vatnshæð 376.7 m y.s. er flutningsgeta flóðgáttanna um 3.800 kl/s. Veitugöng verða í vinstri bakka, ófóðruð um  $100 \text{ m}^2$  að þverskurðarflatarmáli. Varnarstífla fellur inn í aðalstífluna.

#### 03.22 Inntak, vatnsvegir og orkuver.

Inntakið verður á hægri bakka rétt við stífluendann. Þar verða grófristar og föls fyrir plankalokur.

Aðrennslisgöngin eru um 1000 m að lengd, steypufóðruð með skeifulaga þversniði,  $50 \text{ m}^2$ . Jöfnunarþróin er að mestu sprengd niður í bergið, þvermálið er 18 m og dýptin 20 m. Frá jöfnunarþrónni koma lóðrétt fallgöng og síðan lárétt þrýstigöng 70 m löng að greiningu í bergen aftan við stöðvarhúsið. Fallgöngin og þrýstigöngin eru með hringlaga þversniði, steypufóðruð, þvermál 6,3 m.

Við vatnsvélarnar verður komið fyrir lokum.

Stöðvarhúsið er ofanjarðar af venjulegri gerð. Sográsir opnast beint út í árfarveginn.

### 03.23 Vélasamstæður

Vélasamstæður eru tvær. Vatnsvélarnar eru af Francis gerð, 62.000 hö að ástimpluðu afli. Hönnunarfallhæð er 66 m og vatnsnotkun hvorrar vélar 77.5 kl/s við ástimplað afli. Vatnsvélar og rafalar eru samása, snúningshraði 187,5 sn/mín. Ástimplað afl rafala er 47.200 kVA miðað við  $\cos\phi = 0,9$ .

03.3 Gljúfurleitarfoss. Kostnaðaráætlun.

## a) Vinnsluvirki

Innréttigar á vinnustað	20	Mkr.
Stífla, veitugöng, vatnsvarnir	78	-
Inntak, aðrennslisgöng, jöfnunarþró	68	-
Fallgöng, lokar og lokaður	23	-
Stöðvarhús og frárennslu	42	-
Vatnsvélar og rafalar	105	-
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	32	-

Samtals	368	Mkr.
---------	-----	------

Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	45	-
Umsjónarkostn. um 8%	33	-

Beinn kostnaður	446	Mkr.
-----------------	-----	------

Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	42	-
----------------------------------	----	---

<u>Vinnsluvirki, heildarkostn.</u>	488	Mkr.
------------------------------------	-----	------

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	13	Mkr.
Háspennulínur	16	-

Samtals	29	Mkr.
---------	----	------

Ófyrirséð um 10%	3	-
Umsjónarkostnaður um 8%	2	-

Beinn kostnaður	34	Mkr.
-----------------	----	------

Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	3	-
----------------------------------	---	---

<u>Flutningsvirki, heildarkostn.</u>	37	Mkr.
--------------------------------------	----	------

c) Stöðvarvarðahús, heildarkostn. 5 Mkr.d) Vegagerð, heildarkostnaður 6 Mkr.

<u>Virkjunarkostnaður samtals</u>	536	Mkr.
-----------------------------------	-----	------

0.4 Þórisvatn04.1 Almennt

Ráögert er að veita Köldukvísl í Þórisvatn um Þórisós. Í því skyni eru Kaldakvísl og Þórisós stífluð saman skammt ofan við ármótin.

Gert er ráð fyrir yfirlalli á vinstri bakka Þórisóss, og veitugöngum til notkunar á byggingartímanum í hægri bakka Köldukvíslar.

Þá er fyrirhuguð veita úr Þórisvatni, austan Vatnsfells, í Blautukvísl, sem rennur í Tungnaá við Tungnaárkrók. Á veituleiðinni verða skurðir og jarðgöng í gegnum þrjár hæðir, en á milli þeirra verða lægðir með uppistöðum.

Venjulegt yfirvatn í Þórisvatni verður 571 m y.s. þegar miðlunar-geymir er fullur, en gert er ráð fyrir að nýta 700 Gl miðlun í vatninu. Svarar það til 11 metra niðurdráttar, eða niður í 560 m y.s.

04.2 Lýsing mannvirkja04.21 Stífla

Gert er ráð fyrir fyllingarstíflu með þéttikjarna úr jökulurð. Krónuhæðin verður 574 m y.s., mesta hæð um 30 m og krónulengd um 850 m.

Yfirlallið kemur í framhaldi af alstíflunni á vinstri bakka. Krónuhæð þess er 571,5 m y.s. og mesta hæð um 7 m.

Yfirlallið er 300 m á lengd og flytur um 800 kl/s, þegar vatnshæðin er 572,7 m y.s.

04.22 Vatnsvegir

Gert er ráð fyrir skurði úr Þórisvatni upp í lægð á bakkanum austan Vatnsfells.

Heildarlengd skurðsins verður um 500 m og eru þar af um 380 m úti í vatninu við venjulega vatnshæð. Skurðdýptin er mest um 20 m og botnbreiddin 6 m.

Jarðgöng, 620 m löng taka við af skurðinum. Gert er ráð fyrir að þau verði steypufóðruð með skeifulaga þversniði,  $22,8 \text{ m}^2$  að flatarmáli. Við inntakið í göngin verður lokubúnaður. Neðan við göngin verður um 120 m langur skurður, út í lón sem þar myndast. Mesta dýpt hans verður um 20 m og botnbreidd 6 m.

Skurðirnir og göngin flytja um 80 kl/s með 3 m falltapi við lægsta vatnsborð í Þórisvatni (560 m y.s.). Vatnshæðin í lóninu verður þá 557 m y.s.

Í gegnum næstu hæð neðan við lónið verða um 300 m löng göng, og 120 m langir skurðir við hvorn enda þeirra. Þversniðin eru eins og áður er lýst. Falltöp við  $Q = 80 \text{ kl/s}$  verða um 2 m og vatnshæðin í lóni, sem myndast sunnan hæðarinnar, verður um 555 m y.s. Þegar lægst er í Þórisvatni. Úr því lóni verður svo 470 m langur skurður. Mesta dýpt hans verður um 20 m og botnbreidd 6 m. Þaðan verður svo óhindrað rennsli í Blautukvísl.

04.3 Þórisvatnsmiðlun og Köldukvíslarveita.Kostnaðaráætlun

## a) Miðlunar- og veituvirkni

Innréttigar á vinnustað	30 Mkr.
Stíflur, framhjárennslisgöng og vatnsvarnir	112 -
Veituskurðir, veitugöng og lokubúnaður	<u>78 -</u>

Samtals	220 Mkr.
---------	----------

Ófyrirséð um 15%	33 -
Umsjónarkostnaður um 8%	<u>20 -</u>

Beinn kostnaður	273 Mkr.
-----------------	----------

Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>25 -</u>
----------------------------------	-------------

Heildarkostnaður miðlunar og veituvirkja	<u>298 Mkr.</u>
--	-----------------

## b) Flutningsvirki

Háspennulína frá Búrfellsvirkjun  
með tilheyrandi spennistöð:

Flutningsvirki, heildarkostnaður	<u>9 Mkr.</u>
----------------------------------	---------------

## c) Vegagerð, heildarkostnaður

Heildarkostnaður Þórisvatnsmiðlunar og Köldukvíslarveitu	<u>325 Mkr.</u>
---	-----------------

05. Bjallar05.1 Almennt

Tungnaá er stífluð við Vesturbjalla í 545 m hæð yfir sjó.

Yfirlalls- og flóðgáttastífla verður í lægð norðan árinnar, og inntak í hægri árbakka við endann á alstíflunni.

Frá inntakinu eru fyrirhuguð aðrennslisgöng gegnum Bjallana að jöfnunarþró sem verður sunnan í Bjöllum á móts við Tungnaárfell. Stöðvarhúsið verður ofanjarðar á árbakkanum.

Venjuleg yfirvatnshæð er 580 m y.s. þegar miðlunarhlón er fullt, en gert er ráð fyrir að nýta 1100 Gl miðlun. Svarar það til 15 m niðurdráttar í lóninu, eða niður í 565 m y.s. Venjuleg undirvatnshæð er 505 m y.s. Verg fallhæð verður því 60-75 m.

05.2 Lýsing mannvirkja05.21 Stífla

Ráðgert er að alstíflan yfir árfarveginn og hraunsundið sunnan árinnar verði fyllingarstífla með péttikjarna úr jökulurð eða fokmold. Krónuhæðin verður 583 m y.s. og mesta hæð 39 m. Krónulengdin er um 1700 m.

Krónuhæð yfirlallsstíflunnar er 580 m y.s. mesta hæð 22 m, yfirlallslengd 200 m. Flóðgáttirnar eru fimm, hver um sig 15 m á breidd. Þröskuldshæðin er 575 m y.s.

Þegar vatnshæðin er 581,4 m y.s., flytur yfirlallið og flóðgáttirnar samtals um 3000 kl/s.

A byggingartímanum er ráðgert að nota hluta af aðrennslisgöngunum sem veitugöng, en hliðargöng verði gerð út úr þeim um 500 m frá inntakinu og vatninu verði veitt þar vestur af Bjöllunum.

### 05.22 Vatnsvegir og orkuver.

Við inntakið er gert ráð fyrir ristum og fölsum fyrir plankaloku.

Aðrennslisgöngin frá inntaki að jöfnunarþró verða um 2850 m að lengd og liggja í boga um Bjallana. Þau verða steypufóðruð með skeifulaga þversniði.

Eins og áður er sagt er gert ráð fyrir hliðargögnum út úr aðrennslis-göngunum um 500 m frá inntakinu.

Ráðgert er að hjólloka verði í hliðargögnum, en falsar fyrir plankaloku í aðrennslisgöngunum neðan við greininguna. Ofan við greininguna er þverskurðarflatarmál ganganna  $57 \text{ m}^2$  en  $40 \text{ m}^2$  neðan hennar.

Jöfnunarþróin er sprengd niður í bergið. Dýpt hennar verður 40 m og þvermál 25 m. Gert er ráð fyrir að hún verði steypufóðruð.

Þrýstigöngin frá jöfnunarþrónni að stöðvarhúsinu verða með halla 1:4. Ráðgert er að þau verði steypufóðruð með hringлага þversniði, 6,7 m í þvermál. Lengd þeirra verður um 140 m. Við stöðvarhúsið greinast þau í tvennt og er gert ráð fyrir lokum á þáðum greinum.

Stöðvarhúsið verður ofanjarðar af venjulegri gerð. Um 50 m langur frárennsliskurður verður frá því út í ána.

### 05.23 Vélasamstæður

Vélasamstæður eru tvær. Vatnsvélarnar eru af Francis gerð, 52.000 hö að ástimpluðu aflí.

Hönnunarfallhæð er 71,5 m og vatnsnotkun hvorrar vélar 60 kl/s við ástimplað afl.

Vatnsvélar og rafalar eru samása, snúningshraði 214 sn/mín.

Ástimplað afl rafala er 39.500 kVA miðað við  $\cos\varphi = 0,9$ .

05.3 Bjallar. Kostnaðaráætlun.

## a) Vinnslu- og miðlunarvirki

Innréttigar á vinnustað	40 Mkr.
Jarðstífla, flóðgáttastífla, vatnsvarnir	420 -
Inntak, aðrennslis- og veitugöng m. lokum,	
jöfnunarþró	191 -
Stöðvarhús, lokar og lokahús	38 -
Vatnsvélar og rafalar	85 -
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	26 -
Samtals	800 Mkr.
Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	111 -
Umsjónarkostnaður um 8%	73 -
Beinn kostnaður	984 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	94 -
Vinnslu og miðlunarvirki, heildarkostnaður	<u>1078 Mkr.</u>

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	12 Mkr.
Háspennulínur	19 -
Samtals	31 Mkr.
Ófyrirséð um 10%	3 -
Umsjónarkostnaður um 8%	3 -
Beinn kostnaður	37 -
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	3 -
Flutningsvirki, heildarkostnaður	<u>40 Mkr.</u>

## c) Stöðvarvarðahús, heildarkostn.

5 Mkr.

## d) Vegagerð, heildarkostnaður

6 Mkr.

Virkjunar- og miðlunarkostnaður alls:

1129 Mkr.

## 06. Tungnaárkrókur

### 06.1 Almennt

Tungnaá er stífluð ofarlega í gljúfrinu við Sigöldu í um 480 m hæð yfir sjó. Yfirlfall og flóðgáttir verða á vinstri bakka, en inntak á hægri bakka spölkorn ofan við stífluna, og aðrennslisgöng frá því í gegnum Sigöldu að jöfnunarþró vestan í öldunni.

Fyrirhugað er að veita ánni út úr farveginum, þar sem hún sveigir til norðurs vestan undir Sigöldu. Kemur hún í farveginn aftur neðan við Skeggjafoss. Verður farvegurinn því þurr á kafla ofan við fossinn, og er ráðgert að stöðvarhúsið verði ofanjarðar í þurrum árfarveginum vestan undir Sigöldu. Frá jöfnunarþrónni að stöðvarhúsínu er gert ráð fyrir stálpípum ofanjarðar en frárennslis-skurði frá stöðvarhúsínu niður fyrir fossinn.

Venjuleg yfirvatnshæð verður 505 m y.s. en undirvatnshæð 425 m y.s. Verg fallhæð verður því 80 m.

### 06.2 Lýsing mannvirkja

#### 06.21 Stífla

Í árfarveginum er gert ráð fyrir fyllingarstíflu með péttikjarna úr jökulurð, en steypri yfirfalls- og flóðgáttastíflu á vinstri bakka. Krónuhæð alstíflunnar er 508 m y.s., mesta hæð um 58 m og krónulengd 280 m.

Krónuhæð yfirfallsins er 505 m y.s. og yfirfallslengd 150 m. Flóðgáttirnar eru fimm, hver um sig 15 m á breidd. Þröskuldhæð þeirra er 500 m y.s.

Yfirlallið og flóðgáttirnar flytja samtals um 3000 kl/s þegar vatnshæðin er 506,7 m y.s.

Gert er ráð fyrir veitugögum fram hjá stíflunni í vinstri bakka og varnarstíflu ofan við aðalstífluna.

06.22 Vatnsvegir og orkuver.

Við inntakið er gert ráð fyrir ristum og fölsum fyrir plankalokur.

Aðrennslisgöngin gegnum Sigöldu verða um 700 m löng. Ráðgert er að þau verði steypufóðruð með skeifulaga þversniði,  $57 \text{ m}^2$  að flatarmáli.

Jöfnunarþróin verður að mestu sprengd niður í berg og steypufóðruð. Dýptin verður um 25 m og þvermálið 24 m.

Um 20 m frá jöfnunarþrónni greinast göngin og verða stálpípur ofanjarðar þaðan að vélunum. Hraðlokar ("butterfly") verða á pípunum, og er ráðgert að þeim verði komið fyrir í lokahúsi uppi á brúninni ofan við stöðvarhúsið.

Frárennslisskurðurinn verður um 500 m langur. Mesta dýpt hans verður um 25 m, og botnbreidd 9 m. Við fullt álag ( $Q = 180 \text{ kl/s}$ ) verður vatnsdýpið í skurðinum um 8 m, vatnshraðinn 2 m/sek og falltap um 1 o/oo.

06.23 Vélasamstæður.

Ráðgert er að vélasamstæður verði tvær. Vatnsvélar eru af Francis gerð, 85.000 hö að ástimpluðu afli.

Hönnunarfallhæð er 78 m og vatnsnotkun hvorrar vélar 90 kl/s við ástimplað afl. Vatnsvélar og rafalar eru samása, snúningshraði 187,5 sn/mín. Astimplað afl rafala verður 65.000 KVA miðað við  $\cos\phi = 0,9$ .

06.3 Tungnaárkrókur. Kostnaðaráætlun

## a) Vinnsluvirkir

Innréttigar á vinnustað	20 Mkr.
Stíflur, veitugöng, vatnsvarnir	110 -
Inntak, aðrennslisgöng, jöfnunarþró	67 -
Stálpipur, lokar og lokahús	44 -
Stöðvarhús	42 -
Frárennslisskurður	38 -
Vatnsvélar og rafalar	136 -
Rafbúnaður og ýmis vélbúnaður	43 -
	<hr/>
	500 Mkr.
Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	62 -
Umsjónarkostnaður um 8%	45 -
	<hr/>
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	607 Mkr.
	<hr/>
Vinnsluvirkir, heildarkostnaður	58 -
	<hr/>
	665 Mkr.

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	17 Mkr.
Háspennulínur	25 -
	<hr/>
Ófyrirséð um 10%	42 Mkr.
Umsjónarkostnaður um 8%	4 -
	<hr/>
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	4
	<hr/>
Flutningsvirki, heildarkostnaður	50 Mkr.
	<hr/>
	5
	<hr/>
	55 Mkr.

## c) Stöðvarhús, heildarkostnaður

5 Mkr.

## d) Vegagerð, heildarkostnaður

1 Mkr.

## Virkjunarkostnaður alls:

726 Mkr.

## 07. Hrauneyjafoss

### 07.1 Almennt

Tungnaá er stífluð um 500 m ofan við fossinn. Yfirlallsstífla verður á vinstri bakka, milli árinnar og Hrauneyjafells, en inntak á vinstri bakka. Fyrirhugað er að veita flóðvatni vestur á milli Hrauneyjafells og Langöldu, þannig að árfarvegurinn neðan stíflunnar verði þurr.

Aðrennslisgöng verða í gegnum Sporðöldu að jöfnunarþró vestan í öldunni, en stálpípur þaðan að stöðvarhúsinu, sem ráðgert er að verði ofanjarðar í þurrum árfarveginum vestan undir öldunni. Grunnur frárennslisskurður verður frá stöðvarhúsinu niður eftir farveginum.

Venjuleg yfirvatnshæð verður 425 m y.s. og undirvatnshæð 355 m y.s. Verg fallhæð verður því 70 m.

### 07.2 Lýsing mannvirkja

#### 07.21 Stífla

Gert er ráð fyrir fyllingarstíflu með þéttikjarna úr jökulurð eða fokmold í árfarveginum, en steyptri yfirlallsstíflu yfir hraunsundið milli árinnar og Hrauneyjafells.

Krónuhæð alstíflunnar verður 428 m y.s., mesta hæð um 18 m og krónulengd um 750 m.

Yfirlallskrónan verður í hæð 425 m y.s., yfirlallslengd 800 m. Flutningsgeta yfirlallsins er um 3700 kl/s þegar vatnshæðin er 426,7 m y.s.

Við mótt alstíflu og yfirlalls er fyrirhuguð botnrás, og er ráðgert að veita ánni þar í gegn meðan á byggingu stíflunnar stendur.

### 07.22 Vatnsvegir.

Við inntakið verða ristar og falsar fyrir plankalokur. Aðrennslis-göngin gegnum Sporðoldu verða um 630 m á lengd. Gert er ráð fyrir að þau verði steypufóðruð með skeifulaga þversniði,  $57 \text{ m}^2$  að flatar-máli.

Jöfnunarþróin verður að mestu upp úr jörð, tengd við göngin með lóðréttum stokk. Dýpt þróarinnar verður 18 m, þar af er 12 m stálbelgur upp úr jörð. Þvermálið er 22 m.

Um 75 m neðan við þróna opnast göngin út í opinn skurð. Ráðgert er að þar verði greining, og stálpípur lagðar þaðan að vélunum. Lengd þeirra verður um 150 m og þvermálið 5 m. Á brekkubrúninni ofan við stöðvarhúsið er gert ráð fyrir lokahúsi, og hraðlokuum á báðum pípum.

Frárennslisskurðurinn verður um 450 m á lengd. Dýpt hans verður um 11 m efst og botnbreidd 9 m. Við fullt álag ( $Q = 180 \text{ kl/s}$ ) verður vatnsdýpið í skurðinum um 8 m, vatnshraðinn um 2 m/sek og falltapið 1 o/oo.

### 07.23 Vélasamstæður

Vélasamstæður verða tvær. Vatnsvélar eru af Francis gerð, 74.500 hö að ástimpluðu afli. Hönnunarfallhæð er 68,5 m og vatnsnotkun hvorrar vélar 90 kl/s, við ástimplað afl. Vatnsvélar og rafalar eru samása snúningshraði 167 sn/mín.

Astimplað afl rafala verður 57.000 kVA miðað við  $\cos\phi = 0,9$ .

07.3 Hrauneyjafoss. Kostnaðaráætlun

## a) Vinnsluvirki

Innréttigar á vinnustað	20	Mkr.
Stíflur og vatnsvarnir	97	-
Inntak, aðrennslisgöng, jöfnunarþró	54	-
Stálpípur, lokar, lokahús	49	-
Stöðvarhús og frárennsli	42	-
Vatnsvélar og rafalar	124	-
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	37	-

Samtals 423 Mkr.

Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	52	-
Umsjónarkostn. um 8%	38	-

Beinn kostnaður	513	Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2 %	49	-
Vinnsluvirki, heildarkostnaður	562	Mkr.

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	15	Mkr.
Háspennulína	22	-

Samtals 37 Mkr.

Ófyrirséð um 10%	4	-
Umsjónarkostnaður um 8%	4	-

Beinn kostnaður	45	Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	4	-
Flutningsvirki, heildarkostnaður	49	Mkr.

c) Stöðvarvarðahús, heildarkostnaður 10 Mkr.

d) Vegagerð, heildarkostn. 3 -

Virkjunarkostnaður samtals 624 Mkr.

08. Sporðalda08.1 Almennt

Tungnaá er stífluð á fossbrún um 1500 m fyrir neðan stöðvarhús Hrauneyjafossvirkjunar.

Framhjárennslisvirki eru ekki önnur en skurður með lokubúnaði í gegnum hægri árbakka, þar eð flóðvatni frá Hrauneyjafossvirkjun verður veitt á milli Hrauneyjafells og Langöldu í farveg Helliskvíslar, sem kemur í Tungnaá við Hald.

Gert er ráð fyrir inntaki á hægri bakka, og stálpípum frá því að stöðvarhúsinu, sem verður niðri í árfarveginum neðan við fossinn.

Frárennslisskurður verður frá stöðvarhúsinu niður eftir farveginum.

Venjuleg yfirvatnshæð verður 355 m y.s. og undirvatnshæð 321 m y.s. Verg fallhæð verður því 34 m.

Ráðgert er að stíflan verði byggð og frárennslisskurðurinn sprengdur á meðan Hrauneyjafossvirkjun er í byggingu. Þarf þá engar sérstakar ráðstafanir að gera til vatnsvarna við byggingu Sporðölduvirkjunar.

08.2 Lýsing mannvirkja08.2.1 Stífla

Fyrirhuguð er fyllingarstífla með þéttikjarna úr jökulurð eða fokmold. Krónuhæðin verður 358 m y.s., mesta hæð um 18 m og krónulengd um 260 m.

Framhjárennslisskurðurinn liggar í gegnum lágan hrygg á hægri bakka um 300 m fyrir ofan stífluna.

Lengd skurðsins verður um 250 m, botnbreidd 15 m, botnhæð 349 m y.s. og mesta dýpt um 8 m. Gert er ráð fyrir geiraloku, 6x15 m, í skurðinum.

08.22 Vatnsvegir og orkuver.

Við inntakið, sem verður tvískipt, er gert ráð fyrir ristum og hrað-lokum, og stálpípum frá því að stöðvarhúsinu. Þær verða um 130 m á lengd, 5 m í þvermál.

Stöðvarhúsið er ofanjarðar af venjulegri gerð.

Frárennslisskurðurinn verður um 700 m langur. Mesta dýpt hans verður um 13 m og botnbreiddin 9 m. Við fullt álag ( $Q = 180 \text{ kl/s}$ ) verður vatnsdýpið um 8 m og falltapið um 1 o/oo.

08.23 Vélasamstæður

Vélasamstæður verða tvær. Gert er ráð fyrir Francis vatnsvélum 36.500 hö að ástimpluðu aflí. Hönnunarfallhæð er 33,5 m og vatns-notkun hvorrar vélar 90 kl/s við ástimplað afl.

Vatnsvélar og rafalar eru samása, snúningshraði 150 sn/mín.

Ástimplað afl rafala verður 28.000 kVA miðað við  $\cos\varphi = 0,9$ .

08.3 Sporðalda. Kostnaðaráætlun.

## a) Vinnsluvirkir

Innréttningar á vinnustað	15	Mkr.
Stíflur og vatnsvarnir	18	-
Inntak, aðrennslispípur	31	-
Stöðvarhús	24	-
Frárennslisskurður	20	-
Vatnsvélar og rafalar	75	-
Rafbúnaður, ýmis vélabúnaður	19	-

Samtals 202 Mkr.

Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	23	-
Umsjónarkostnaður um 8%	18	-

Beinn kostnaður 243 Mkr.

Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	23	-
----------------------------------	----	---

Vinnsluvirkir, heildarkostnaður 266 Mkr.

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	10	Mkr.
Háspennulínur	11	-

Samtals 21 -

Ófyrirséð um 10%	2	-
Umsjónarkostnaður um 8%	2	-

25 Mkr.

Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	2	-
----------------------------------	---	---

Flutningsvirki, heildarkostnaður 27 Mkr.

## c) Vegagerð, heildarkostnaður

1 Mkr.

Virkjunarkostnaður samtals 294 Mkr.

## 09. Sultartangi

### 09.1 Almennt

Þjórsá og Tungnaá eru stíflaðar um Sultartanga rétt ofan við ármótin. Á stíflustæðinu er hæðin á Þjórsá um 274 m y.s. en á Tungnaá um 278 m y.s.

Gert er ráð fyrir alstíflu milli Sandafells og Vaðoldu, en yfirfalli austan Vaðoldu.

Inntak og stöðvarhús er ráðgert að verði á hægri bakka Þjórsár við stífluna, og inntaksskurður verði úr stíflulóninu fyrir enda stíflunnar.

Ráðgert er að frárennslisskurður verði sprengdur frá stöðvarhúsinu niður eftir árfarveginum.

Venjuleg yfirvatnshæð verður 297 m y.s. og undirvatnshæð 265 m y.s. Verg fallhæð verður því 32 m.

### 09.2 Lýsing mannvirkja

#### 09.21 Stífla

Fyrirhugað er að alstíflan milli Sandafells og Vaðoldu verði fyllingarstífla með þéttikjarna úr jökulurð eða fokmold. Krónuhæð hennar verður 300 m y.s., mesta hæð um 28 m og krónulengd um 1400 m. Krónuhæð yfirfallsins austan Vaðoldu verður 297 m y.s., og yfirfallslengdin 2000 m. Yfirfallið flytur um 7500 kl/s þegar vatns-hæðin er 298.5 m y.s.

Gert er ráð fyrir að stíflugerðinni verði hagað þannig, að fyrst verði yfirfallið byggt og stíflan milli Sultartanga og Vaðoldu upp í rösklega 290 m y.s. Á meðan verði Tungnaá veitt í Þjórsá um Blautukvísl. Síðan verði Þjórsá veitt í Tungnaá yfir Sultartanga ofanverðan og út á hraunið austan undir Vaðoldu um skarð í yfirfallinu, sem síðar verður steypt upp í. Kemur hún í farveginn aftur neðan við Sandafell. Verður frárennslisskurðurinn þá sprendur

niður í þurran farveginn undir Sandafelli, stíflugerðinni lokið og önnur mannvirki byggð á þurru.

#### 09.22 Vatnsvegir og orkuver.

Ráðgert er að steyptur veggur með inntaksopum niðri við botn komi fyrir enda inntaksskurðsins ofan við stífluna. Efri brún opanna verður um 12 m undir venjulegu vatnsborði í stíflulóninu.

Í skurðbakkanum neðan stíflunnar verður inntak virkjunarinnar, með ristum og hraðlokum (geirralokum), og stöðvarhúsið á árbakkanum, tengt við inntakið með stuttum steypum stokkum.

Frárennslisskurðurinn verður um 3500 m langur, 16 m á dýpt efst, 10 m breiður í botn. Vatnsdýpið við  $Q = 350 \text{ kl/s}$  verður um 12 m og falltapið um 1 o/oo.

Gert er ráð fyrir botnrás úr inntaksskurðinum. Í því skyni eru stutt jarðgöng gerð úr skurðandanum við hlíðina á inntakinu og þeim lokað með hjólloku.

Göngin opnast út í opinn skurð, sem liggur út í frárennslisskurðinn skammt neðan við stöðvarhúsið.

#### 09.23 Vélasamstæður.

Gert er ráð fyrir tveimur vélasamstæðum. Vatnsvélar eru af Kaplan gerð, 64.000 hö að ástimpluðu afl.

Hönnunarfallhæð er 28,7 m, og vatnsnotkun hvorras vélar 185 kl/s við ástimplað afl. Vatnsvélar og rafalar eru samása, snúningshraði 150 sn/mín.

Astimplað afl rafala verður 48.800 kVA miðað við  $\cos\phi = 0,9$ .

09.3 Sultartangi. Kostnaðaráætlun.

## a) Vinnsluvirkni

Innréttigar á vinnustað	30 Mkr.
Stíflur, vatnsvarnir	190 -
Aðr. skurður, inntak í skurð, botnrás	38 -
Stöðvarhús, inntak og lokur	85 -
Frárennslisskurður	105 -
Vatnsvélar og rafalar	133 -
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	<u>32 -</u>
	Samtals
	613 Mkr.
Öfyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	79 -
Umsjónarkostnaður um 8%	<u>56 -</u>
	Beinn kostnaður
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>748 -</u>
Vinnsluvirkni, heildarkostnaður	<u>72 -</u>
	820 Mkr.

## b) Flutningsvirkni

Aðalspennistöð	14 Mkr.
Háspennulínur	<u>23 -</u>
	Samtals
	37 Mkr.
Öfyrirséð um 10%	4 -
Umsjónarkostnaður 7m 8%	<u>3 -</u>
	Beinn kostnaður
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>44 Mkr.</u>
Flutningsvirkni, heildarkostnaður	<u>4 -</u>
c) Stöðvarvarðahús, heildarkostn.	<u>48 Mkr.</u>
d) Vegagerð, heildarkostnaður	<u>5 Mkr.</u>
Virkjunarkostnaður, samtals	<u>7 Mkr.</u>
	880 Mkr.

## 10. Búrfell II

### 10.1 Almennt

Virkjað er samsíða þeirri 210 MW virkjun við Búrfell (Búrfell I), sem nú er í byggingu.

Ráðgert er að stífla, veituvirki og aðrennslisskurður Búrfellsvirkjunar verði notuð óbreytt, en nýtt inntak byggt í suðurbakka aðrennslisskurðsins, um 50 m frá inntaki Búrfellsvirkjunar.

Gert er ráð fyrir aðrennslisgöngum samsíða þeim sem fyrir eru, jöfnunarþró á vesturbrún Sámstaðamúla, og þrýstigögum þaðan að stöðvarhúsinu, sem ráðgert er að byggt verði við suðurenda stöðvarhúss Búrfells I.

Venjulegt yfirvatn verður 245 m y.s. og undirvatn 126 m y.s. Verg fallhæð verður því 119 m.

### 10.2 Lýsing mannvirkja

#### 10.21 Vatnsvegir og orkuver.

Við inntakið er gert ráð fyrir ristum og plankalokum. Aðrennslisgöngin verða um 1180 m á lengd. Ráðgert er að þau verði steypufóðruð, þar sem þess er þörf, með skeifulaga þversniði,  $50 \text{ m}^2$  að flatarmáli.

Jöfnunarþróin verður að mestu sprengd niður í bergið. Dýpt hennar er um 24 m, og þvermálið 18 m.

Gert er ráð fyrir að þrýstigögin verði af sömu gerð og við Búrfell I, fyrst 100 m langur lóðréttur en síðan 180 m láréttur kafli að stöðvarhúsinu. Ráðgert er að þau verði steypufóðruð, 7 m í þvermál, nema á um 70 m kafla næst stöðinni þar sem gert er ráð fyrir innsteyptri stálfóðringu 5 m í þvermál. Aftan við stöðina greinast göngin í tvennt og verða hraðlokur á báðum greinum.

Fyrirhugað er, að stöðvarhúsið verði byggt við stöðvarhús Búrfells I og verði af sömu gerð.

Frárennslisskurðinn er ráðgert að breikka um ca. 8 m.

#### 10.22 Vélasamstæður.

Gert er ráð fyrir tveimur vélasamstæðum. Vatnsvélar verða af Francis gerð, 105.500 hö að ástimpluðu aflí.

Hönnunarfallhæð er 115 m og vatnsnotkun hvorrar vélar 76 kl/s við ástimplað aflí.

Vatnsvélar og rafalar eru samása, snúningshraði 150 sn/mín.

Ástimplað afl rafala verður 80.500 kVA miðað við  $\cos\phi = 0,9$

10.3 Búrfell II. Kostnaðaráætlun.10.31 Fyrri áfangi, 73 MW.

## a) Vinnsluvirki

Innréttigar á vinnustað	15 Mkr.
Inntak, aðrennslisgöng, jöfnunarþró, vatnsvarnir	84 Mkr.
Fallgöng, lokar og lokahús	44 -
Stöðvarhús og frárennslí	52 -
Vatnsvél og rafali	73 -
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	25 -
Samtals	293 Mkr.
Öfyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	37 -
Umsjónarkostnaður um 8%	27 -
Beinn kostnaður	357 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	34 -
Vinnsluvirkni, heildarkostnaður	<u>391 Mkr.</u>

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	8 Mkr.
Háspennulínur	10 -
Samtals	18 Mkr.
Öfyrirséð um 10%	2 -
Umsjónarkostn. um 8%	2 -
Beinn kostnaður	22 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	2 -
Flutningsvirki, heildarkostnaður	<u>24 Mkr.</u>
Heildarkostnaður fyrri áfanga Búrfells II	<u>415 Mkr.</u>

10.32 Síðari áfangi 72 MW

## a) Vinnsluvirkni

Stöðvarhús	3 Mkr.
Vatnsvél og rafali	73 -
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	<u>20 -</u>

Samtals	96 Mkr.
Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	7 -
Umsjónarkostn. um 8%	<u>8 -</u>

Beinn kostnaður	111 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9%	<u>10 -</u>
Vinnsluvirkni, heildarkostnaður	<u>121 Mkr.</u>

## b) Flutningsvirkni

Aðalspennistöð	8 Mkr.
Háspennulínur	<u>10 -</u>

Samtals	18 Mkr.
Ófyrirséð um 10%	2 -
Umsjónarkostnaður um 8%	<u>2 -</u>

Beinn kostnaður	22 Mkr.
Vextir á byggingartíma um 9 1/2%	<u>2 -</u>
Flutningsvirkni, heildarkostnaður	<u>24 Mkr.</u>

Heildarkostnaður síðar áfanga Búrfells II	<u>145 Mkr.</u>
---	-----------------

## II. Abóti

### II.1 Almennt

Hvítá er stífluð á móts við Lambafell um 500 m fyrir ofan Abóta.

Ráðgert er að yfirfallsstífla verði í lægðinni á milli Lambafells og Bláfells, inntak í vinstri árbakka og aðrennslisgöng þaðan að jöfnunarþró skammt neðan við stífluna. Við þróna greinast göngin. Önnur greinin, botnrásar og veitugöng, liggur út í lækjarfarveg um 500 m austan árinnar, en hin að stöðvarhúsinu sem verður ofanjardar á milli árinnar og lækjarins. Gert er ráð fyrir frárennsliskurði frá stöðvarhúsinu út í ána, og spölkorn niður eftir árfarveginum.

Venjuleg yfirvatnshæð verður 439 m y.s. þegar miðlunarlón er fullt, en ráðgert er að nýta 1140 Gl miðlun í Hvítárvatni og umhverfi þess, sem fer undir vatn. Svarar það til 19 m niðurdráttar, eða niður í 420 m y.s. Venjuleg undirvatnshæð verður 390 m y.s.

Verg fallhæð verður því 30-49 m.

### II.2 Lýsing mannvirkja

#### II.2.1 Stífla.

Alstífluna er fyrirhugað að byggja sem fyllingarstíflu með péttikjarna úr jökulurð eða fokmold. Krónuhæðin verður 442 m y.s., mesta hæð um 29 m og krónulengd um 2400 m.

Krónuhæð yfirfallsins verður 439 m y.s. og yfirfalls lengdin 600 m. Yfirfallið flytur um 2000 kl/s, þegar vatnshæðin er 440,5 m y.s.

A byggingartímanum er ráðgert að veita ánni um aðrennslis- og botnrásargöngin í lækjarfarveg austan árinnar, sem liggur út í ána um 1500 m fyrir neðan Abóta.

### 11.22 Vatnsvegir og orkuver

Inntakið verður um 100 m ofan við stífluna. Þar er gert ráð fyrir að verði ristar og falsar fyrir plankalokur.

Aðrennslisgöngin að jöfnunarþrónni verða um 320 m á lengd. Ráðgert er að þau verði steypufóðruð með skeifulaga þversniði,  $50 \text{ m}^2$  í flatarmál.

Jöfnunarþróin verður 20 m í þvermál og 32 m á dýpt. Þar af eru um 12 m upp úr jörð, og er ráðgert að fyllt verði að henni með jarðvegi.

Við jöfnunarþróna greinast göngin og verða hjóllokur á báðum greinum. Lokuspilin verða í húsi uppi á þrónni.

Ráðgert er að botnrásar- og veitugöngin verði að mestu ófóðruð,  $50 \text{ m}^2$  í þverskurðarflatarmál. Lengd þeirra verður um 100 m.

Göngin frá jöfnunarþrónni að stöðvarhúsínu verða um 130 m löng. Gert er ráð fyrir að þau verði steypufóðruð með hringlaga þversniði,  $6,2 \text{ m}$  í þvermál.

Stöðvarhúsið er ofanjarðar venjulegt að gerð. Jarðhæð er 410 m y.s. á hússtæðinu, og verður vélasalsgólf um 7 m undir jarðaryfirborði, en uppsetningarrými í jarðhæð.

Frárennslisskurðurinn liggur út í árfarveginn um 500 m fyrir neðan Ábóta. Lengd hans verður samtals um 1200 m, þar af 500 m í árfarveginum. Mesta dýpt skurðsins er um 24 m, og botnbreidd 6 m. Við fullt álag ( $Q = 85 \text{ kl/s}$ ) verður vatnsdýpið í skurðinum um 6,5 m og falltapið um 1,2 o/oo.

### 11.23 Vélasamstæða.

Gert er ráð fyrir einni vélasamstæðu. Vatnsvél er af Francis gerð, 48.300 hö að ástimpluðu afli.

Hönnunarfallhæð er 47 m, og vatnsnotkun 85 kl/s við ástimplað afl.

Vatnsvél og rafali eru samása, snúningshraði 167 sn/mín.

Ástimplað afl rafala verður 37.000 kVA miðað við  $\cos\phi = 0.9$ .

11.3 Abóti. Kostnaðaráætlun.

## a) Vinnslu- og miðlunarvirki

Innréttigar á vinnustað	30 Mkr.
Stífla, yfirfall, vatnsvarnir	209 -
Aðrennslis- og veitugöng, jöfnunarþró, lokur	58 -
Stöðvarhús	21 -
Frárennslisskurður	31 -
Vatnsvél og rafali	44 -
Rafbúnaður, ýmis vélbúnaður	<u>12 -</u>

Samtals 405 Mkr.

Ófyrirséð (um 5% af vélum, 15% af öðru)	57 -
Umsjónarkostn. um 8%	<u>37 -</u>

Beinn kostnaður 499 Mkr.Vextir á byggingartíma um 9 1/2% 47 -Vinnsluvirki, heildarkostnaður 546 Mkr.

## b) Flutningsvirki

Aðalspennistöð	6 Mkr.
Háspennulínur	<u>14 -</u>

Samtals 20 Mkr.

Ófyrirséð um 10%	2 -
Umsjónarkostnaður um 8%	<u>2 -</u>

Beinn kostnaður 24 Mkr.Vextir á byggingartíma um 9 1/2% 2 -Flutningsvirki, heildarkostn. 26 Mkr.

## c) Stöðvarvarðarhús, heildarkostnaður

3 Mkr.

## d) Vegagerð, heildarkostnaður

10 Mkr.Virkjunar- og miðlunarkostnaður samtals 585 Mkr.

## 12. Sandártunga

### 12.1 Almennt

Hvítá og Sandá eru stíflaðar hvor í sínu lagi, Hvítá um 5,5 km og Sandá um 4 km ofan við ármótin.

Myndast samfellt lón við báðar stíflurnar.

Gert er ráð fyrir yfirfalli í lægð vestan Hvítár á móts við alstífluna, en inntaki við stífluna í Sandá á hægri bakka, og löðréttum fallgöngum frá því að neðanjarðarstöð. Þaðan verða frárennslisgöng niður fyrir Bláfellshólma.

Venjuleg yfirvatnshæð verður 390 m y.s. og undirvatnshæð 285 m y.s. Verg fallhæð verður því 105 m.

A byggingartímanum er ráðgert að Hvítá verði veitt fram hjá stíflustæðinu um veitugöng, en Sandá veitt í Hvítá ofan við veitugöngin.

### 12.2 Lýsing mannvirkja

#### 12.2.1 Stífla.

Ráðgert er, að alstíflurnar í Hvítá og Sandá verði fyllingarstíflur með þéttikjarna úr jökulurð eða fokmold.

Krónuhæð þeirra verður 393 m y.s. Mesta hæð stíflunnar í Hvítá verður um 53 m og krónulengd um 130 m.

Mesta hæð stíflunnar í Sandá verður um 29 m og krónulengd um 600 m.

Yfirfallskróna verður í hæð 390 m y.s., og yfirfallslengd 400 m. Hæð þess yfir jörð er viðast um 4 m. Yfirfallið flytur um 1800 kl/s, þegar vatnshæðin er 391,7 m y.s.

Ráðgert er að framhjárennslisskurður verði framhjá stíflunni í Sandá, á hægri bakka, með botn í hæð 382 m y.s., 8 m breiður í botn. Verði honum lokað með geiralokum, 8x8 m.

Skurðurinn flytur um 400 kl/s þegar vatnshæðin er 391,7 m y.s.  
Framhjárennslisvirkin flytja þá samtals um 2200 kl/s.

#### 12.22 Vatnsvegir og orkuver.

Vélasamstæðurnar tvær hafa hvor sitt inntak með ristum og hrað-lokum (geiralokum) Fallgöng komalóðrétt niður frá inntakinu með innsteyptri stálfóðringu, 4 m í þvermál.

Gólf í vélasal verður um 90 m undir yfirborði jarðar. Aðkeyrslu-göng verða um 600 m löng með halla 1:8.

Sográsir opnast út í sveiflusvelg með steypri hvelfingu, um  $600 \text{ m}^2$  að flatarmáli.

Frárennslisgöngin verða um 4850 m löng. Gert er ráð fyrir að þau verði steypufóðruð með skeifulaga þversniði,  $36,5 \text{ m}^2$  að flatarmáli.

#### 12.23 Vélasamstæður.

Með tilhögun II er gert ráð fyrir að virkja á hagkvæmustu virkjunarstöðunum við Sandártungu, Tungufell og Haukholt auk Abótavirkjunar, sem bundin er við miðlunarvirki. Miðlun í Hvítárvatni er eins og í tilh. I, 1400 Gl. Fæst hún með því að nýta 22 m vatnsborðsmun frá hæð 442 í hæð 420 m y.s. Við Sandvatn verður einnig sama miðlun, 115 Gl, sem fæst með 7 m vatnsborðsmun frá hæð 279 í hæð 272 m y.s. Með Sandvatnsstíflu er Árbrandsá veitt í Hvítá um Sandá. Skrá 39 yfir einkennistölur virkjananna ásamt stofnkostnaði fylgir hér á eftir. Samtals er uppsett afl fyrirhugað 408 MW og áætlaður stofnkostnaður án vegagerðar og rafveituvirkja er 3328 Mkr eða 8157 kr/kW.

2.53 Tilhögun III

Með tilhögun III er gerð sú breyting, að fyrirhugað frárennsli virkjunar við Tungufell er í Kjó~~a~~staðalæk, sem rennur í Tungufljót. Virkjun við Haukholt fellur þá niður, en í stað hennar verða tvær virkjanir í Tungufljóti, við Einholt og Faxa. Jafnframt eru göng Efstadalsvirkjunar stytt, og verður sú virkjun því lítið eitt minni en hagkvæmari miðað við aflverð. Skrá 40 yfir einkennistölur og stofnkostnað virkjananna er hér á eftir. Samtals er uppsett afl 630 MW í 7020 Mkr. eða 11.143 kr/kW.

Tilhaganir I og III eru sýndar í sniðmynd á teikn. 01.07.1.39.

Virkjun	Yfir-vattn m y.s.	Heildar-fallhæð m	Hæð stíflu vatnsv. km	Lengd rennsli kl/s	Virkjað Afl MW	Stiffla Mkr.	Göng Mkr.	Stofnkostnaður Mkr.	Annað Mkr.	Stofnk. alls Mkr.	kr/kW
Ábóti	433x)	43	32	1,20	110	37	349	70	229	6481)	17513
Sandártunga	390	105	43	5,17	145	120	78	346	419	843	7025
Fremstaver	285	25	19	1,80	145	27	21	121	230	372	13778
Sandvatn	-	-	16	0,00	Veita	126	0	24	150 <sup>2)</sup>	-	-
Skyggnir	260	17	24	0,25	185	25	175	19	250	444	17760
Tungufell	243	129	37	7,27	185	188	106	553	580	1239	6590
Haukholt	114	41	46	0,20	190	63	101	15	332	448	7111
Efstidalur	157	85	7	5,53	30	19	8	182	143	333	17526
Hestvatn	50	17	10	3,00	390	47	12	345	427	784	16681
Óra	33	16	20	0,30	390	49	142	35	429	606	12367
Selfoss	14	7	10	2x0,16	580	29	11	31	522	564	19448
Samtals	485			24,88 (25,04)	604	1129	1717	3585	6431	10647	

x) Meðalhæð í miðlunarhlóni

- 1) Miðlun 1400 G1
- 2) Miðlun 115 G1

Virkjun	Yfir-vatn m Y.S.	Heildar-fallhæð m	Hæð stíflu m	Lengd vatnsv. km	Virkjað rennsli kl/s	Afl MW	Stofnkostnaður Stífla Mkr.	Göng, Mkr.	Annað Mkr.	Stofnk. alls Mkr.	kr/kW
Abótti	433x)	43	32	1,20	110	37	349	70	229	648 <sup>1)</sup>	17513
Sandártunga	390	105	43	5,17	145	120	78	346	419	843	7025
Sandvatn	-	-	16	0,00	Veita	126	0	24	150 <sup>2)</sup>	-	
Tungufell	243	129	37	7,27	185	188	106	553	580	1239	6590
Haukholt	114	41	46	0,20	190	63	101	15	332	448	7111
Samtals		318	13,84			408	760	984	1584	3328	8157

x) Meðalhæð í miðlunarlóni

1) Miðlun 1400 G1

2) " 1115 G1

Virkjun	Yfirvatn m y.s.	Heildarfallhæð m	Hæð stíflu vatnsv. km	Lengd rennsli kl/s	Virkjað MW	Afl MW	Stofnkostnaður Mkr.	Göng Mkr.	Annað Mkr.	Stofnk. alls Mkr.	kr/kW
Abóti	433x)	43	32	1,20	110	37	349	70	229	648 <sup>1)</sup>	17513
Sandártunga	390	105	43	5,17	145	120	78	346	419	843	7025
Fremstaver	285	25	19	1,80	145	27	21	121	230	372	13778
Sandvatn	-	-	16	0,00	Veita	126	0	24	150 <sup>2)</sup>	-	-
Skyggnir	260	17	24	0,25	185	25	175	19	250	444	17760
Tungufell	243	148	37	9,72	185	214	106	738	633	1477	6902
Einholt	95	20	15	0,73	245	38	77	64	316	457	12026
Faxi	75	15	9	0,95	245	27	9	84	295	388	14370
Efstidalur	157	75	7	4,23	30	17	8	140	139	287	16882
Hestvatn	50	17	10	3,00	390	47	12	345	427	784	16681
Óra	33	16	20	0,30	390	49	142	35	429	606	12367
Selfoss	14	7	10	2x0,16	580	29	11	31	522	564	19448
Samtals	488			27,51 (27,67)	630	1114	1993	3913	7020	11143	

x) Meðalhæð í miðlunarhlóni. 1) Miðlun 1400 G1 2) Miðlun 115 G1

## 2.6 Orkuvinnsla

Til þess að bera saman orkuvinnslugetu hinna mismunandi virkjunar-tilhagana eru gerðar athuganir á miðlanlegu og ómiðlanlegu orkuinnstreymi til virkjananna. Athuganir þessar eru gerðar á tilsvarandi hátt og áður er lýst varðandi Þjórsárvirkjanir.

### 2.6.1 Rennsli

Á gataspjöld eru skráð vikumeðaltöl rennslis (mælt og reiknað) á eftirtöldum stöðum.

1. B: Hvítá við Hvítárvatnsós
2. G: Hvítá við Gullfoss
3. F: Tungufljót við Faxa
4. D: Brúará við Dynjanda
5. T: Þjórsá við Tröllkonuhlaup
6. U: Þjórsá við Urriðafoss
7. S: Ölfusá við Selfoss

Rennsli til einstakra virkjana (viðbótarrennsli "R") er áætlað miðað við þetta rennsli samkv. jöfnum í skrá 41. Tölugildi stuðla "f" er að finna í skrá 42.

### 2.6.2 Orkuvinnslugeta.

Miðað við, að allt rennsli til virkjana sé nýtanlegt, fást eftirfarandi jöfnur til ákvörðunar á orkuinnstreymi. Tölugildi stuðla "A" eru skráð í skrá 42.

Miðlanlegt orkuinnstreymi:

$$I_m = A_1 R_1 + A_5 R_5$$

$$I_m = (A_1 0,3 + A_5 f_{5.1})G + (A_1 0,7 - A_5 f_{5.2}) B + A_5 f_{5.3} F$$

Ómiðlanlegt orkuinnstreymi:

$$I_o = A_2 R_2 + A_3 R_3 + A_4 R_4 + A_6 R_6 + A_7 R_7 + A_8 R_8 + A_9 R_9 + A_{10} R_{10} + A_{11} R_{11} + A_{12} R_{12} +$$

$$A_{13} R_{13}$$

$$\begin{aligned}
 I_O = & (A_2 \ 0,4+A_3 0,03+A_4 0,2+A_6 0,06+A_7 0,07-A_{11} 1,07 \\
 & - A_{12} f_{12.1}) G + (-A_2 0,4-A_3 0,03-A_4 0,2-A_6 0,06 \\
 & - A_7 0,07+A_{11} 0,07+A_{12} f_{12.3}) B + (A_9 f_9-A_{11} f_{11} \\
 & + A_{12} f_{12.1}+A_{13} f_{13}) F + (A_8 0,34+A_9 0,71-A_{11} 1,05) D \\
 & + (A_9 0,98+A_{10} 0,15-A_{11} 1,13) (U-T)+A_{11} S
 \end{aligned}$$

Orkuvinnslugeta virkjunartilhagananna hefur samkv. þessu verið  
 reiknuð í Reiknistofnun Háskólans. Niðurstöður eru í skrá 43  
 og eru skráðar orkuvinnslutölur meðaltöl 14 ára, 1950-1963.

Nr. Virkjun Rennslí GI/viku Ath.

1	Abóti	0,3 G+0,7 B	Miðlun
2	Sandártunga	0,4 G-0,4 B	
3	Fremstaver	0,03G-0,03 B	
4	Skyggnir	0,2 G-0,2 B	
5	Sandvatn	f 5.1 G-f 5.2 B+f 5.3 F	Veita og miðlun
6	Tungufell	0,06 G-0,06 B	
7	Haukholt	0,07 G-0,07 B	
8	Efstidalur	0,34 D	
9	Hestvatn	f 9 F+0,71 D+0,98 (U-T)	
10	Óra	0,15 (U-T)	
11	Selfoss	S-1,07G+0,07B-1,05D-f <sub>11</sub> F-1,13(U-T)	
12	Einholt	f <sub>12.1</sub> F-f <sub>12.2</sub> G+f <sub>12.3</sub> B	
13	Faxi	f <sub>13</sub> F	

Nr.	Virkjun	Allar tilhaganir		T i l h ö g u n		
		f sumar	f vetur.	I A	II A	III A
1	Abóti			0,870	0,698	0,890
2	Sandártunga			0,777	0,605	0,797
3	Fremstaver			0,547	0,375	0,567
4	Skygganir			0,495	0,375	0,515
5.1	Sandvatn	0,15	0,28 )			
5.2	"	0,16	0,28 )	0,495	0,375	0,515
5.3	"	0,40	0,00 )			
6	Tungufell			0,458	0,375	0,477
7	Haukholt			0,175	0,092	0,082
8	Efstidalur			0,259	0,000	0,240
9	Hestvatn	0,07	0,11	0,082	0,000	0,082
10	Óra			0,049	0,000	0,049
11	Selfoss	1,07	1,11	0,014	0,000	0,014
12.1	Einholt	0,57	0,96 )			
12.2	"	0,15	0,28 )	0,082	0,000	0,156
12.3	"	0,16	0,28 )			
13	Faxi	0,03	0,04	0,082	0,000	0,113

Tilh. nr.	Afl MW	Stofnkostn. kr/ kW	Orkuvinnsla miðl. GWh/a	Ómiðl. GWh/a	samt. GWh/a	Stofnk. kr/ kWh/a	Nýting h
I	604	6431	10647	2317	1512	3829	1.680
II	408	3328	8157	1845	731	2576	1.292
III	630	7020	11143	2376	1569	3945	1.779

### 3. ÞJÓRSÁR- og HVÍTÁRVIRKJANIR

- 3.1 Hvítárveita við Árhraun
- 3.2 Heildartilhögun virkjana
- 3.3 Orkuvinnslugeta
- 3.4 Miðlunarkostnaður
- 3.5 Virkjunarkostnaður og virkjunarstig
- 3.6 Hagkvæmasta miðlun og orkuvinnslugeta

### 3. ÞJÓRSÁR- og HVÍTÁRVIRKJANIR

Af samanburðaráætlunum um Hvítárvirkjanir sést, að virkjanir í Hvítá neðan Brúarár verða tiltölulega óhagkvæmar. Í eftirfarandi er því gerð áætlun um að veita Hvítá við Árhraun í Þjórsá ofan við Urriðafoss. Jafnframt er gerð heildartilhögun um virkjanir á Þjórsár- og Hvítárvæði og orkuvinnslugeta þeirra er athuguð.

#### 3.1 Hvítárveita við Árhraun

Gerð er áætlun um veituskurð Árhraun-Þjótandi. Í skrá 44 er gerður samanburður á stofnkostnaði við veitu ásamt virkjun við Urriðafoss við mismunandi skurðdýpt og vatnsborðshæð við Urriðafoss. Við stíflu við Árhraun er reiknað með vatnsborðshæð 50 m y.s. Hlutfallstala sprenginga í jarðvinnu er fundin samkv. teikningu í jarðfræði-álitsgerð (4.31). Í kostnaðaráætlunum er miðað við meðalverð á greftri 70 kr/kl en á sprengingu 200 kr/kl. Að öðru leyti eru forsendur kostnaðaráætlana hinar sömu og áður er gerð grein fyrir. Flutningsgeta skurðar er miðuð við 390 kl/s.

#### 3.2 Heildartilhögun virkjana

Í heildartilhögunum er gert ráð fyrir veitu úr Hvítá með 5 m djúpum veituskurði og vatnsborðshæð við Urriðafoss 47 m y.s. Að öðru leyti svara tilhaganirnar til tilh. VIII við Þjórsárvirkjun og tilh. II við Hvítárvirkjun að viðbættri virkjun Fossár í Þjórsárdal (Háifoss) með veitu úr Stóru-Laxá og miðlun í Fossölduveri.

Heildartilhögun I er að finna í skrá 45. Er þar gert ráð fyrir sömu virkjunarstaðum og í fyrri áætlunum (ársálagsstuðull = 0,7). Samtals er uppsett afl fyrirhugað 2192 MW og áætlaður heildarkostnaður 15751 Mkr. eða 7186 kr/kW.

Heildartilhögun II er eins og heildartilh. I að öðru leyti en því, að nú er gert ráð fyrir minna uppsettu afli. Í skrá 46 eru helztu einkennistölur virkjananna ásamt stofnkostnaði. Samtals er uppsett afl 1710 MW og heildarkostnaður án kostnaðar við vegagerð og raf-veituvirki 13.715 Mkr eða 8.020 kr/kW.

Skrá 44

Yfirlægning við Urriðaf. m.y.s.	Skurð dýpi m	Jarðvinnna Gröftur G1	Spreng. G1	Stofnkostnaður		Annað v.Urriðaf. Mkr.	Virkjun Afl MW	Stofnk.alls Mkr. kr/kW
				Skurður Mkr.	Stifflur við skurð Arhraun Mkr.			
49	10	0,51	1,19	274	81	10	85	1751
"	5	1,01	1,01	273	81	10	85	1751
"	3	1,81	0,60	247	81	10	85	1751
"	2	2,66	0,59	304	81	10	85	1751
47	10	0,48	0,84	202	55	10	85	1655
"	5	0,74	0,74	200	55	10	85	1655
"	3	1,21	0,77	239	55	10	85	1655
"	2	2,27	0,64	287	55	10	85	1655
45	10	0,33	0,74	171	27	10	85	1595
"	5	0,63	0,70	184	27	10	85	1595
"	3	0,96	0,96	259	27	10	85	1595
"	2	1,83	1,07	342	27	10	85	1595

Virkjun	Yfir-vatn m y.s.	Heildar-fallhæð m	Hæð stífflu m	Lengd vatnsv. km	Virkjað rennsli kl/s	Afl MW	Stofnkostnaður Stiffla Mkr.	Göng Mkr.	Annað Mkr.	Stofnk. alls Mkr. kr/kW
Norðlingaalda	588 x)	36	44	0,35	185	53	421	27	305	753 1)
Dynkur	490	115	40	2,24	185	172	150	170	549	14208
Gljúfurleitarf	375	67	45	0,45	185	100	95	34	404	5052
Bórisvatn	-	-	27	2,80	Veita	105	90	60	533 2)	5330
Langisjór	-	-	22	2,60	Veita	7	52	41	255 3)	-
Bjallar	575 x)	70	38	2,85	150	83	504	194	347	100 4)
Tungnaárkr.	505	80	56	1,68	225	146	97	141	519	12590
Hrauneyjaf.	425	104	21	2,94	240	200	87	257	637	5185
Sultartangi	297 x)	23	30	2x0,35	500	91	360	63	586	4905
Búrfell	245	119	-	2x3,30	500	477	227	593	1350	11088
Stóra-Laxá	-	13	3,70	Veita	5	74	21	21	100 6)	4549
Fossá	493 x)	278	30	4,00	16	36	128	103	188	11639
Núpur	122	37	22	2x2,90	545	154	144	545	738	419 6)
Ábóti	433 x)	43	32	1,20	110	37	349	70	229	1427 7)
Sandártunga	390	105	43	5,17	145	120	78	346	419	9266
Sandvatn	-	-	16	0,00	Veita	126	0	0	24	17513
Tungufell	243	129	37	7,27	185	188	106	553	580	843 8)
Haukholt	114	41	46	0,20	190	63	101	15	332	7025
Árhraun	-	-	8	5,50	Veita	10	255	85	350	-
Umriðafoss	47	36	25	3x1,15	955	272	72	348	1235	150
Samtals		1283		50,65 (59,50)	2192	3172	3930	8649	15751	7186

x) Meðalhæð í miðlunarloni

- 1) Miðlun 2000 G1.
- 2) " 700 G1
- 3) " 200 G1
- 4) " 1100 G1

Miðlun samtals 5855 G1

Virkjun	Yfirvatn m y.s.	Heildarfallhæð m	Hæð stíflu vatnsv. m	Lengd rennsli km	Virkjað kl/s	Afl MW	Stiffla Mkr	Göng Mkr	Stofnkostnaður Annað Mkr	Stofnk. alls Mkr.	Stofnk. alls kr/kW
Norðlingaa.	588 x)	36	44	0,35	145	42	23	261	7051)	16786	
Dynkur	490	115	40	2,24	145	135	150	450	750	5556	
Gljúfur.l.f.	375	67	45	0,45	145	79	95	30	337	4622)	5848
pórisvatn	-	-	27	2,80	Veita	105	90	60	2552)	-	
Langisjór	575 x)	70	38	2,60	115	63	504	171	286	9614)	15254
Bjallar	505	80	56	1,68	175	113	97	125	422	644	5699
Tungnaárkr.	425 x)	104	21	2,94	185	155	87	225	513	8255)	5323
Hrauneyjaf.	297 x)	23	30	0,35	390	71	360	42	474	876	12338
Sultartangi	245	119	-	2x3,30	390	372	227	521	1072	1820	4892
Búrfell	-	13	3,70	Veita	5	74	21	21	1006)	-	
Stóra-Laxá	493 x)	278	30	4,00	12	27	128	92	168	388	14370
Fossá	122	37	22	2x2,90	425	120	144	481	593	1218	10150
Núpur	433 x)	43	32	1,20	85	29	349	62	196	607	20931
Ábóti	390	105	43	5,17	115	95	78	306	350	7348)	7726
Sandártunga	-	16	0,00	Veita	126	0	0	24	24	1508)	-
Sandvatn	243	129	37	7,27	145	146	106	487	472	1065	7295
Tungufell	114	41	46	0,20	150	50	101	14	279	394	7880
Haukholt	-	-	8	5,50	Veita	10	255	85	350	-	
Árhraun	47	36	25	2x1,15	745	213	72	255	984	1311	6155
Urriðafoss											
Samtals		1283		50,65 (58,00)		1710	3172	3455	7088	13715	8020

x) Meðalhæð í miðlunarlóni

- 1) Miðlun 2000 G1
- 2) " 700 G1
- 3) " 200 G1
- 4) " 1100 G1
- 5) Miðlun 220 G1
- 6) " 120 G1
- 7) " 1400 G1
- 8) " 115 G1

### 3.3 Orkuvinnsla

Orkuvinnslugeta heildartilhagana er athuguð á tilsvarandi hátt og áður er lýst (sbr. gr. 1.8 og 2.6). Rennsli til einstakra virkjana er áætlað samkv. skrá 47 en stuðla orkuinnstreymisjafna er að finna í skrá 48.

Samkvæmt þessu fæst eftirfarandi orkuinnstreymi

Miðlanlegt orkuinnstreymi:

$$I_m = A_1 R_1 + A_4 R_4 + A_7 (R_2 + R_3 + R_5 + R_6 + R_7) + A_9 R_9 + A_{11} R_{11} + A_{13} R_{13} + A_{17} R_{17}$$

$$I_m = (A_1 f_1 + A_7 f_2 - A_7 f_{7.2}) (V-9,0) - A_7 V + (A_{17} - A_7) K$$

$$+ A_7 H + (A_7 (f_5 + f_6 + f_{7.1}) + A_4 f_4) E + A_1 9,0$$

$$+ A_9 f_9 (U-T) + (A_{11} 0,3 + A_{13} f_{13.1}) G$$

$$+ (A_{11} 0,7 - A_{13} f_{13.2}) B + A_{13} f_{13.3} F$$

Ómiðlanlegt orkuinnstreymi:

$$I_o = (A_5 - A_7) R_5 + (A_6 - A_7) R_6 + (A_2 - A_7) R_2$$

$$+ (A_3 - A_7) R_3 + A_8 R_8 + A_{10} R_{10} + A_{12} R_{12}$$

$$+ A_{14} R_{14} + A_{15} R_{15} + A_{16} R_{16}$$

$$I_o = ((A_5 - A_7) f_5 + (A_6 - A_7) f_6) E + (A_2 - A_7) 2,0$$

$$+ (A_2 - A_7) f_2 (V-9,0) + (A_{10} f_{10} + A_{16} 1,19) (U-T)$$

$$+ (A_{12} 0,4 + A_{14} 0,29 + A_{15} 0,07 - A_{16} f_{16.2}) G$$

$$+ (A_{16} f_{16.1} - A_{15} 0,07 - A_{14} 0,29 - A_{12} 0,4) B$$

$$+ A_{16} f_{16.3} F + A_{16} 1,05 D$$

Orkuvinnslugeta heildartilhögunar hefur samkv. þessu verið reiknuð í Reiknistofnun Háskólans. Meðaltal 14 ára, 1950-1963, fékkst eftirfarandi:

$$I_m = 11.217 \text{ GWh}$$

$$I_o = 1.924 \text{ GWh}$$

$$I_m + I_o = 13.141 \text{ GWh}$$

Miðað við heildartilhögun I samsvarar þetta 6.000 nýtingarstundum á ári og meðalverð orkueiningar verður 1,20 kr/kWh/a.

Miðað við heildartilhögun II verða nýtingarstundir 7700 h/a og meðalverð orkueiningar 1,045 kr/kWh/a.

Heildartilhaganir eru sýndar í grunnmynd á teikningum 01.07.1.41-. 42, en í sniðmynd á teikningu 01.07.1.40.

Nr.	Virkjun	Rennsli Gl/viku
1	Bjallar <sup>x)</sup>	$R_1 = f_1(V-9,0)+9,0$
2	Tungnaárkrókur	$R_2 = f_2(V-9,0)+2,0$
3	Hrauneyjafoss	$R_3 = 0$
4	Norðlingaalda <sup>x)</sup>	$R_4 = f_4 \text{ E}$
5	Dynkur	$R_5 = f_5 \text{ E}$
6	Gljúfurleitarfoss	$R_6 = f_6 \text{ E}$
7	Sultartangi <sup>x)</sup>	$R_7 = f_{7.1} \text{ E} + H - V - K - f_{7.2}(V-9,0) - 2,0$
8	Búrfell	$R_8 = 0$
9	Fossá <sup>x)</sup>	$R_9 = f_9 \text{ (U-T)}$
10	Núpur	$R_{10} = f_{10} \text{ (U-T)}$
11	Abóti <sup>x)</sup>	$R_{11} = 0,3G+0,7 \text{ B}$
12	Sandártunga	$R_{12} = 0,4G-0,4B$
13	Sandvatn <sup>x)</sup>	$R_{13} = f_{13.1} G - f_{13.2} B + f_{13.3} F$
14	Tungufell	$R_{14} = 0,29G-0,29B$
15	Haukholt	$R_{15} = 0,07G-0,07 \text{ B}$
16	Urriðafoss	$R_{16} = f_{16.1} B - f_{16.2} G + f_{16.3} F + 1.05D + 1.19(U-T)$
17	Pórísvatn <sup>x)</sup>	$R_{17} = K$

<sup>x)</sup> Miðlun

Nr.	Virkjun	f sumar	f vetur	A
1	Bjallar	1,19	1,11	1,037
2	Tungnaárkrókur	0,06	0,15	0,885
3	Hrauneyjafoss			0,706
4	Norðlingaalda	0,75	0,66	0,964
5	Dynkur	0,18	0,24	0,883
6	Gljúfurleitarfoss	0,01	0,02	0,625
7.1	Sultartangi	0,06	0,08	)
7.2	"	0,08	0,18	) 0,473
8	Búrfell			0,423
9	Fossá	0,33	0,33	0,783
10	Núpur	0,47	0,47	0,158
11	Abóti			0,777
12	Sandártunga			0,684
13.1	Sandvatn	0,15	0,28	)
13.2	"	0,16	0,28	) 0,454
13.3	"	0,40	0,00	)
14	Tungufell			0,454
15	Haukholt			0,171
16.1	Urriðafoss	0,16	0,28	)
16.2	"	0,15	0,28	) 0,079
16.3	"	0,67	1,11	)
17	Þórisvatn			0,885

### 3.4 Athugun á miðlunarkostnaði

Í heildartilhögunum hér að framan er reiknað með miðlunum á alls átta stöðum á Þjórsár- og Hvítárvæðinu. Staðirnir eru:

- Norðlingaalaða
- Þórisvatn
- Langisjör
- Bjallar
- Sultartangi
- Fossá (Fossölduver)
- Ábóti (Hvítárvatn)
- Sandvatn

Í eftirfarandi skrám 49-51 er gerð athugun á miðlunarkostnaði á geymda kWh. Í miðlunarkostnaði er aðeins reiknaður breytilegur kostnaður við stíflur, en annar kostnaður er þá talinn með við-eigandi virkjunar- og veitukostnaði.

Niðurstöður sýna að miðlanir við Sultartanga, Fossá og Sandvatn verða mjög óhagkvæmar. Þar sem virkjunarkostnaður við Fossá er enn fremur nokkuð hár höfum við í framhaldsathugunum gert ráð fyrir að sleppa þessum miðlunum og þar með virkjun Fossár.

Skrá 49

Stífla	Vatns-	Stíflu-	Stíflu-	A GWh/ Gl	<u>Miðlun</u>		Stofn- kostn. kr/kWh
	borðs- hæð m y.s.	fyll- ing Gl	kostn- aður Mkr.		Gl	GWh	
Abóti	442	1,95	351	0,777	1400	1090	0,323
"	440	1,55	279	"	1220	950	0,294
"	435	0,87	157	"	850	660	0,238
"	430	0,45	81	"	505	390	0,208
"	425	0,20	36	"	210	165	0,218
"	420	0,08	14	"	0	0	-
Sandvatn	282	1,28	231	0,454	200	91	2,54
"	280	0,90	162	"	141	64	2,53
"	275	0,30	54	"	30	14	3,86
"	272	0,10	18	"	0	0	-
Norðlingaalda	600	5,12	921	0,964	3340	3220	0,276
"	597	3,56	640	"	2590	2500	0,256
"	595	2,80	504	"	2150	2070	0,244
"	592	2,00	360	"	1530	1475	0,244
"	590	1,62	292	"	1190	1150	0,254
"	587	1,20	216	"	760	730	0,296
"	585	0,96	173	"	530	510	0,339
"	582	0,70	126	"	270	260	0,485
"	580	0,56	101	"	140	135	0,748
"	577	0,30	54	"	0	0	-

Skrá 50

Stífla	Vatns-	Stíflu-	Stíflu-	A GWh/ Gl	<u>Miðlun</u>		Stofn- kostn. kr/kWh
	borðs- hæð m y.s.	fyll- ing Gl	kostn- aður Mkr.		Gl	GWh	
Pórisvatn	577	1,03	186	0,885	1140	1010	0,184
"	575	0,86	155	"	1000	885	0,175
"	572	0,65	117	"	780	690	0,170
"	570	0,53	96	"	640	565	0,170
"	560	(0,53)	96	"	0	0	-
Bjallar	582	3,25	585	1,037	1310	1360	0,430
"	580	2,86	515	"	1080	1120	0,460
"	575	1,97	355	"	560	580	0,612
"	570	1,30	234	"	210	220	1,063
"	565	0,78	140	"	0	0	-
Langisjór	668	0,04	7	1,037	200	210	0,033
"	660	-	-	"	0	0	-
Sultartangi	305	3,30	594	0,473	410	195	3,05
"	302	2,46	443	"	290	135	3,28
"	300	1,95	351	"	220	105	3,34
"	297	1,33	240	"	125	60	4,00
"	295	1,00	180	"	70	35	5,14
"	292	0,60	108	"	0	0	-

Stífla	Vatns- borðs- hæð m y.s.	Stíflu- fyll- ing Gl	Stíflu- kostn- aður Mkr.	A GWh/ Gl	<u>Miðlun</u> Gl	Stofn- kostn. GWh	Stofn- kostn. kr/kWh
Fossá	500	0,69	124	0,783	120	94	1,32
"	495	0,37	67	"	76	60	1,12
"	490	0,15	27	"	36	28	0,97
"	484	0,01	2	"	0	0	-

3.5 Athugýn á virkjunarkostnaði við  
mismunandi virkjunarstig

Lokaniðurstöður af samanburðarathugunum á virkjunum á Þjórsár- og Hvítárvæðinu höfum við sett fram í eftirfarandi skrá 52. Alls er gert ráð fyrir virkjunum á 15 stöðum auk þriggja miðlunar- og veituþirkja, sem ekki eru beint tengd virkjun. Breyting frá heildartilhögunum, sem lýst er hér að framan, er einkum fólgin í því, að sleppt er miðlunum við Sultartanga, Fossá og Sandvatn og miðlanir við Norðlingaöldu og Ábóta (Hvítárvatn) eru minnkaðar. Ennfremur er virkjun í Fossá (Háifoss) felld niður. Virkjað rennsli er að jafnaði um 10% meira en viðkomandi meðalrennsli nema við Dynk og Hrauneyjafoss, þar sem reiknað er með toppafli.

Lokaniðurstöður eru byggðar á athugun á hagkvæmustu miðlunarstærð og orkuvinnslugetu miðað við ákveðna orkupörf, sbr. gr. 3.6. Vegna þeirra athugana eru í skrám 53 og 54 gerðar athuganir á miðlunarkostnaði og öðrum kostnaði við virkjun á mismunandi virkjunarstigum, þ.e. heildarvirkjun er hugsuð gerð í fimm höfuðáföngum (stigum). Afangaskipting er eftirfarandi

1. stig: Byggð eru miðlunarvirki við Þórisvatn (á samt veitu-virkjum til Tungnaár) og einnig við Norðlingaöldu ásamt 33 MW virkjun. Vegna rekstraröryggis Búrfells-virkjunar er ennfremur ráðgert að stífla við Sultartanga og virkja þar 68 MW. Við Búrfell er ráðgerð aukning upp í 355 MW frá þeirri virkjun, sem nú er fyrirhuguð. Samtals eru fyrirhugaðar miðlanir 2230 GWh, sem á þessu stigi svara til 820 GWh, og uppsett afl 456 MW. Aætluð orkuvinnslugeta virkjan-anna er 3620 GWh/a.

Hagkvæmasti rekstur á þessu virkjunarstigi verður við orkupörf um 3100 GWh/a (sbr. gr. 3.6) Svarar þetta til um 6800 nýtingarstunda á ári. Heildarkostnaður við virkjunarstigið er áætlaður 3350 Mkr. Eins og áður er hér hvorki meðtalinn vega-gerð né orkuveitur. Í verði véla og rafbúnaðar eru aðflutningsgjöld ennfremur ótalin.

2. stig: Við 1. stig er bætt virkjun við Dynk. Sú virkjun er ráðgerð sem toppstöð 262 MW. Samtals verður uppsett afl nú 718 MW og aætluð orkuvinnslugeta 4770 GWh/a.

Hagkvæmasti rekstur á þessu virkjunarstigi verður við orkubörf 4200 GWh/a. Svarar þetta til um 5850 nýtingarstunda á ári. Heildarkostnaður við virkjunarstigið er áætlaður 4500 Mkr.

3. stig: Við 2. stig er bætt miðlunar- og veituvirkjum við Langasjó og ennfremur miðlun ásamt 66 MW virkjun við Bjalla. Þá er gert ráð fyrir að virkja við Tungnáárkrók, 116 MW, og Hrauneyjafoss, 201 MW, (toppstöð). Miðlun verður samtals 3530 Gl, sem á þessu stigi samsvarar 2660 GWh. Uppsett afl verður samtals 1101 MW og áætluð orkuvinnslugeta 7440 GWh/a.

Hagkvæmasti rekstur á þessu virkjunarstigi verður við orkubörf um 6800 GWh/a. Svarar þetta til um 6100 nýtingarstunda á ári. Heildarkostnaður við virkjunarstigið er áætlaður 7150 Mkr.

4. stig: Við 3. stig er bætt miðlun við Ábóta (Hvítárvatn) ásamt 28 MW virkjun, veitu úr Hvítá í Þjórsá við Árhraun og 206 MW virkjun við Urriðafoss. Samtals eru fyrirhugaðar miðlanir 4670 Gl, sem nú svarar til 3130 GWh. Uppsett afl verður samtals 1335 MW og áætluð orkuvinnslugeta 9280 GWh/a.

Hagkvæmasti rekstur á þessu virkjunarstigi verður við orkubörf um 8500 GWh/a. Svarar þetta til um 6400 stunda nýtingartíma á ári. Heildarkostnaður er áætlaður 9280 Mkr.

5. stig: Við 4. stig er bætt eftirtöldum virkjunum auk veitu úr Sandvatni (Arbrandsá í Hvítá); Tungufell, 152 MW; Gljúfurleitarfoss, 85 MW; Haukholt, 50 MW; Sandártunga 90 MW og Núpur, 115 MW. Miðlun er óbreytt frá 4. stigi en hún svarar nú til 4340 GWh. Uppsett afl er alls 1827 MW og áætluð orkuvinnslugeta 13190 GWh/a.

Hagkvæmasti rekstur á þessu virkjunarstigi verður við orkubörf 12400 GWh/a. Þetta svarar til um 6800 nýtingarstunda á ári. Heildarkostnaður við þetta lokastig Þjórsá- og Hvítárvirkjana er áætlaður 13044 Mkr.

Virkjun	Yfir-vatn m y.s.	Heildar-fallhæð m	Hæð stíflu m	Lengd vatnsv. km	Virkjað rennsli kl/s	Afl MW	Stofnla MJkr	Stofnkostnaður Göng MJkr	Annað MJkr.	Stofnk. alls MJkr.	Kr/kW
Norðlingaalaða	586 x)	34	42	0,35	120 xx)	33	360	21	225	6061)	18364
Dynkur	490	115	40	2,24	280 xx)	150	213	785	1148	4382	
Gjúfur.l.f.	375	67	45	0,45	155	85	95	30	353	4782)	5624
Pórisvatn	-	-	27	2,80	Veita	105	90	60	2553)	-	
Langisjór	-	-	22	2,60	Veita	7	52	41	1003)	-	
Bjallar	575 x)	70	38	2,85	120	66	504	174	295	9734)	14742
Tungnaárkr.	505	80	56	1,68	180 xx)	116	97	126	432	655	5646
Hrauneyjaf.	425	104	21	2,94	240 xx)	201	87	195	640	922	4587
Sultartangi	297	23	27	0,35	370	68	240	39	455	734	10794
Búrfell	245	119	-	2x3,30	370	355	227	501	1027	1755	4944
Núpur	122	37	22	2,90	400	115	144	336	568	10485)	9113
Ábotí	431 x)	41	29	1,20	85	28	249	61	193	503)	17964
Sandártunga	390	105	43	5,17	110	90	78	300	338	716	7956
Sandvatn	-	-	9	0,00	Veita	18	0	0	22	40	-
Tungufell	243	129	37	7,27	150	152	106	495	486	1087	7151
Haukholt	114	41	46	0,20	150	50	101	14	279	394	7880
Árhraun	-	-	8	5,50	Veita	10	255	85	350	-	
Urriðafoss	47	36	25	2x1,15	720	206	72	251	957	1280	6214
Samtals		1001		42,95 (47,40)	1827	2650	3153	7241	13044	7139	

x) Meðalhæð í miðlunarlöni

xx) Toppafl

1) Miðlun 1530 G1 (592-577 m y.s.)

2) "

G1 (571-560 m y.s.)

3) "

G1 (668-660 m y.s.)

4) "

G1 (580-565 m y.s.)

5) "

G1 (439-420 m y.s.)

3-93 MIÐLUNARKOSTNADUR  
VIÐ MISMUNANDI VIRKJUNARSTIG

Skrá 53

Virkjunarstig	Miðlunar- kostnaður Mkr.	Miðlun Mkr/a	Miðlun Gl	Miðlunarkostn. GWh	Miðlun samtals Mkr/a	Miðlun Samtals GWh	Árlegur kostnaður kr/kWh
---------------	--------------------------------	-----------------	--------------	-----------------------	----------------------------	--------------------------	--------------------------------

1. stig

Búrfell							
Sultartangi							
Pórisvatn	105	10,5	700	220			
Norðlingaalda	360	36,0	1530	600	46,5	820	0,057

2. stig                                700        220

1. stig +			1530	1000	46,5	1220	0,038
Dynkur							

3. stig                                700        510

2. stig +			1530	1000			
Hrauneyjaf.							
Tungnaárkr.							
Bjallar	504	50,4	1100	970			
Langisjór	7	0,7	200	180	97,6	2660	0,037

4. stig                                700        570

3. stig +			1530	1120			
Árhraun			1100	1060			
Urriðafoss			200	190			
Ábóti	249	24,9	1140	190	122,5	3130	0,039

5. stig

4. stig +			700	620			
Sandvatn			1530	1480			
Tungufell			1100	1150			
Gljúfur.l.foss			200	210			
Haukholt			1140	880	122,5	4340	0,028
Sandártunga							
Núpur							

Skrá 54

Virkjunarstig	Virkjunarkostn. (án miðlunark.)	Orku- vinnslu geta GWh/a	Arlegur kostn. samtals Mkr/a	Orku- vinnslu- geta samt. GWh/a	Arlegur kostn. samt. kr/kWh

1. stig

Þórisvatn	150	15,0	-		
Norðlingaalda	246	24,6	265		
Sultartangi	734	73,4	540		
Búrfell	1755	175,5	2815	288,5	3620 0,080

2. stig

1. stig	-	288,5	3620		
Dynkur	1148	114,8	1150	403,3	4770 0,084

3. stig

2. stig	-	403,3	4770		
Langisjór	93	9,3	-		
Bjallar	469	46,9	530		
Tungnaárkrókur	655	65,5	930		
Hrauneyjafoss	922	92,2	1210	617,2	7440 0,083

4. stig

3. stig	-	617,2	7440		
Abóti	254	25,4	190		
Árhraun	350	35,0	-		
Urriðafoss	1280	128,0	1650	805,6	9280 0,087

5. stig

4. stig	-	805,6	9280		
Sandvatn	40	4,0	-		
Tungufell	1087	108,7	1190		
Gljúfurl.foss	478	47,8	670		
Haukholt	394	39,4	405		
Sandártunga	716	71,6	715		
Núpur	1048	104,8	930	1181,9	13190 0,090

### 3.6 Hagkvæmasta miðlun og orkuvinnslugeta.

Athuganir á hagkvæmustu stærð miðlunararlóna og orkuvinnslugetu virkjana eru gerðar samkv. forskrift Raforkumálastjóra til notkunar við rafreikni Háskólans.

Höfuðþættir orkuvinnsluvirkja eru miðlunararlón til langtíðamiðlunar, vatnsorkuver og varmaorkuver. Orkuvinnslan verður að langmestu leyti í vatnsorkuverunum, en á lágreinsnlistímbilum er gert ráð fyrir samvinnu vatns- og varmaorkuvera og orkuþörf þannig fullnægt. Í góðum vatnsárum er hins vegar gert ráð fyrir sölu nokkurrar umframorku. Rekstur orkuvinnsluvirkjanna byggist svo á því að hagnýta orkuvinnslumöguleika heildarkerfisins á sem hagkvæmastan hátt.

Grundvöllur reikninganna er í aðalatriðum eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir einfaldri mynd af orkuvinnsluvirkjunum, þar sem í stað hinna mismunandi miðlunararlóna er reiknað með einu jafngildu miðlunararlóni, aðrennsli til miðlunararlóna er lagt saman í eina stærð, miðlað orkuinnstreymi, og allt ómiðlað aðrennsli er enn fremur lagt saman í eina stærð, ómiðlað orkuinnstreymi.

Gerðar eru verðgildisathuganir á vatni (orku) í miðlunararlóni, sem byggja á ákveðnu verðhlutfalli milli verðs á forgangsorku (orkuþörf) annars vegar og umframorku og varmaorku (skömmutun orku úr miðlunararlóni) hins vegar. Verðgrundvöllur þessi er sýndur á teikningu 01.07.1.43, þar sem verð forgangsorku er sett 1,0. Á sömu teikningu eru niðurstöður verðgildisathugananna sýndar fyrir orkuvinnslugetu 105, 110 og 115% af orkuþörf. Dregnar eru jafnvirðislínur orku (vatns) í miðlunararlóni fyrir breytilegan árstíma og fyllingu (vatnsmagn) í lóni. Í athugununum er heildarmiðlun skipt í tíundu hluta og árinu í 26 tveggja vikna tímabil.

Við munum ekki hér lýsa nánar gangi reikninga við verðgildisathuganirnar, en þær eru eins og áður segir gerðar samkvæmt reikniforskrift Raforkumálastjóra. Hins vegar er ljóst, að verðgildi orku í miðlunararlóni er fyrst og fremst háð orkumagni í lóni og árstíma.

Við tæmingu úr miðlunararlóni er alltaf hægt að velja milli þess að tæma eina kWh til viðbótar eða geyma hana til síðari tíma. Ókomið flóð getur þá gert hana verðlausa, en að meðaltali verður verðgildi hennar í samræmi við teikningu 01.07.1.43.

Rekstur orkuvinnsluvirkjanna byggist nú á ofangreindum verðgildum og verður í höfðuatriðum á eftirfarandi hátt.

Í byrjun tímabils er visst orkumagn í miðlunarloni. Þetta orkumagn ásamt því um hvaða tímabil innan ársins er að ræða ákveður verðgildi orkunnar. Tæming úr lóni á sér nú fyrst stað þegar öll önnur ódýrari orka hefur verið hagnýtt. Fyrst er ómiðlað orkuinnstreymi nýtt, og ef orkubörf er ekki fullnægt með því, er varmaorka hagnýtt að þeim hluta, sem verð hennar verður lægra en verðgildi geymstrar orku. Á tilsvarandi hátt er orkusölu umframorku hagað.

Í samræmi við þetta hefur nú verið líkt eftir rekstri Þjórsár- og Hvítárvirkjana í rennslistímabil, sem nær yfir 42 ár. Byggt er þá á 14 ára rennslisskýrslum Raforkumálastjóra, en rennslistímabilið hefur verið lengt með því að stækka upp tvö súlik tímabil til viðbótar og bæta þeim við. Forsendur þessa eru að rennslið sé líkindalega breytileg stærð. Niðurstöður reksturseftirlíkingarinnar er að finna á teikningu 01.07.1.44. Reikningarnir miðast við orkubörf  $10^5$  kWh/a (þ.e.  $42 \cdot 10^5$  kWh alls) og sýndar eru línar, sem sýna heildarverðgildi varmaorkuvinnslu (skömmutn úr miðlunarloni) annarsvegar og umframorkuvinnslu hins vegar við mismunandi orkuvinnslugetu í % af orkubörf og breytilega miðlun einnig í % af orkubörf. Byggt á þessum niðurstöðum eru á sömu teikningu dregnar línar sem sýna mismun á árlegu verði varma- og umframorkuvinnslu miðað við, að verðgildiseiningin svari til 0,30 kr/kWh. Línurnar sýna þennan mismun við breytilega miðlun og orkuvinnslugetu miðað við orkubörf  $10^5$  kWh/a. Loks eru dregnar línar, sem sýna jafna rekstursafkomu við breytilega miðlun og orkuvinnslugetu. Með jafnri rekstursafkomu er hér átt við sama mismun á verði varma- og umframorkuvinnslu.

Virkjunarkostnaður er háður miðlunarstærð og orkuvinnslugetu (virkjaðri fallhæð) og í samræmi við kostnaðarathuganir, sem lýst er í gr. 3.5 eru á teikningu 01.07.1.44 dregnar línar sem sýna þennan kostnað við mismunandi virkjunarstig. Á teikningu 01.07.44 sýnir lína "a" aukningu miðlunarkostnaðar við hækjun miðlunarstífla á mismunandi virkjunarstigum. Lína "c" sýnir aukningu virkjunar-

kostnaðar við aukna orkuvinnslugetu (aukna virkjaða fallhæð) og lína "b" tilsvarandi kostnað, þegar afli og miðlun (í GWh) er haldið óbreyttu (minnkað virkjað rennsli ásamt lækkun miðlunarstífla). Við lokastig eru þessar kostnaðartölur því sem næst 0,03 kr/kWh/a fyrir miðlun og 0,10 kr/kWh/a fyrir annan virkjunarkostnað. Séu línur, sem sýna sama árlegan stofnkostnað við breytilega miðlun og orkuvinnslugetu, dregnar sem snertlar til jafnafkomulinanna, er ljóst að hagkvæmasta miðlunar- og virkjana-stærð verður einhversstaðar á tengilínu snertipunktanna og hagkvæmustu gildin má síðan finna sem þann punkt línnunnar, þar sem breyting á rekstrarrafkomu er jöfn breytingu á árlegum stofnkostnaði. Á línuritið hafa þessir punktar verið merktir fyrir mismunandi virkjunarstig. Tölulegar niðurstöður fyrir raunverulega orkuvinnslugetu voru skráðar í yfirliti yfir virkjunarstigin í gr. 3.5.

4. UPPDRÆTTIR OG ELDRI VIRKJUNARAÆTLANIR

4.1 Þjórsárvirkjanir

4.2 Hvítárvirkjanir

#### 4.1 Þjórsárvirkjanir.

Af vatnsviði Þjórsár eru nú til samfelldir uppdrættir í mælikvarða 1:20000 með 5 m hæðarlínum allt niður fyrir Búrfell. Uppdrættir þessir eru gerðir samkv. myndmælingum á árunum 1958-1966 (1.02). Innan þessa svæðis hafa enn fremur verið gerðir uppdrættir í stærri mælikvarða (1:5000 og 1:2000) af nokkrum takmörkuðum svæðum (Þórisós- Kaldakvísl, Þóristungur, Tungnaárkrókur, Hrauneyjafoss og Búrfell). Milli Búrfells og Urriðafoss eru enn ekki til nákvæmari uppdrættir en kort Bandaríkjahers í mælikvarða 1:50 000 með 20 m hæðarlínum (1.01). Varðandi Urriðafossvirkjun hefur einkum verið stuðzt við myndmæld kort í mælikvarða 1:5000 með 2,5 m hæðarlínum (1.03). Við áætlanagerð okkar hefur enn fremur verið byggt á fallmælingum Þjórsár og þveráa hennar (1.04).

Fyrsta heildaráætlun um virkjanir á vatnsviði Þjórsár er birt í greinargerð Sigurðar Thoroddsen árið 1954 (2.01). Er þar byggt á erindi um vatnsafl Íslands, sem hann flutti á fundi í Verkfræðifélagi Íslands árið 1949. Höfuðtillaga að virkjunarfyrirkomulagi var eftirfarandi:

Kaldakvísl yrði stífluð ofan við Þveröldu og veitt í Þjórsá ofan stíflu við Norðlingaöldu. Þaðan yrði Þjórsá veitt í Fossárdrög um göng og með stíflum í Miklalækjarbotnum og í Dalsá við Öræfahnúk. Ráðgert var að nýta alls 430 m fall úr Fossárdögum niður í Þjórsárdal í þremur orkuverum, við Lambafell (70 m), Fossheiði (40 m) og Fossöldu (320 m). Áætlað var að veita Stóru-Laxá í Fossá ofan Fossöldu.

Frá Vatnaöldum og niður í Fossárdal var fyrirhugað að nýta samtals 426 m fallhæð í fimm orkuverum, Vatnaöldur (106 m), Tungnaárkrókur (60 m), Hrauneyjafoss (100 m), Þóristungur (30 m) og Sultartangi (130 m). Ráðgerð var miðlun í Langasjó með veitu í Tungnaá, en enn fremur var fyrirhugað að miðla í Þórisvatni og við Vatnaöldur.

A neðri hluta Þjórsárvæðisins voru ráðgerðar fimm virkjanir, Hjálp (20 m), Skarð (13 m), Þjórsárholt (18 m), Hestafoss (18 m) og Urriðafoss (30 m). Samanlögð fallhæð virkjananna er 99 m. Virkjun við Urriðafoss gerði ráð fyrir veitu úr Hvítá með Brúará.

Samtals var þannig fyrirhugað að nýta 955 m fallhæð á Þjórsárvæðinu og uppsett afl var ráðgert um 1360 MW.

Áætlanir þessar voru að sjálfssögðu mjög lauslegar og byggðar á ófullkomnum gögnum.

Árið 1960 birti Harza mynzturáætlun sína um virkjanir á Þjórsár- og Hvítárvæðinu (2.02). Á Þjórsárvæðinu var fyrirhugað að virkja samtals 1950 MW í 11 orkuverum auk miðlunarvirkja við Norðlingaöldu og miðlunar- og veituvirkja við Þórisvatn og Langasjó. Virkjunarfyrirkomulagi er nánar lýst í eftirfarandi skrá 55.

A ráðstefnu íslenzkra verkfræðinga 1962 flutti Sigurður Thoroddsen erindi um vatnsafl Íslands. Erindið var birt í Tímariti V.F.I. og sem sérprentun (2.03).

Eftirfarandi er skrá 56 yfir virkjanir á Þjórsárvæðinu, eins og þær voru ráðgerðar í erindi þessu. Samtals var áætlað að nýta mætti 9717 GWh/a í meðalári.

Nokkrar áætlanir hafa verið gerðar um einstakar virkjanir á Þjórsárvæðinu. Flestar eru þær lauslegar frumáætlanir og verður þeirra helztu getið hér á eftir.

Um virkjanir í Efri Þjórsá hafa ekki verið gerðar aðrar áætlanir en þær, sem getið er í heildaráætlunum hér að framan.

Fyrstu áætlanir um virkjanir á afrennslissvæði Þórisóss-Köldukvíslar voru áætlanir um Þóristunguvirkjun frá marz 1956 (2.04). Síðar, í ágúst 1959, voru gerðar áætlanir um virkjanir úr Þórisvatni byggðar á nýjum gögnum. Samanburður var gerður á virkjun niður í Þóristungur og niður í Tungnaárkrók, Vatnsfellsvirkjun, og þá með auknu rennsli virkjana við Tungnaárkrók og Hrauneyjafoss. Síðast nefnd áætlun var ekki birt sérstaklega, en var tekin upp í álitsgerð (2.05).

Í síðast nefndri álitsgerð (2.05) er ennfremur gerð grein fyrir virkjunum á þremur stöðum í Tungnaá, við Bjalla, Tungnaárkrók og Hrauneyjafoss, og bornar eru saman hugsanlegar virkjunartilhaganir.

Frá ármótum við Tungnáá fellur Þjórsá um 150 m á um 25 km löngum kafla að móttum Fossár í Þjórsárdal. Allt frá fyrstu áratugum þessarar aldar hafa menn haft augastað á þessu falli, sem einum álitlegasta virkjunarstað á Íslandi. Í áætlunum Sætersmoen (2.06) var gert ráð fyrir að nýta um 111 m fallhæð. Þjórsá var stífluð með lágri stíflu um Klofaey. Frá stíflu var fyrirhugað að leiða vatnið í um 5,8 km löngum skurði að inntaksvirkjum í Sámsstaðaklifi og þaðan í 20 pípum,  $450\text{-}480/\text{m}^3$  löngum, að stöðvarhúsi. Frá stöðvarhúsi var frárennslisskurður að Fossá, um 2,3 km að lengd. Með fullri nýtingu var ráðgert að virkja 480 kl/s eða um 380 MW.

Árin 1956-57 gerði verkfræðistofan áætlanir um að virkja umrætt fall. Í álitsgerð um nokkrar 100 MW virkjanir (2.07) var m.a. gerður samanburður á að virkja fallið með stíflu við Sultartanga og Búrfell. (Klofaey). Með Búrfellsþirkjun var ráðgert að stífla Þjórsá upp í 260 m hæð y.s. Ekki þótti ráðlegt að stífla lægra, til þess að tryggja öruggan rekstur stöðvarinnar. Virkjað var niður í Fossá í um 125 m hæð yfir sjó og var lengd vatnsvega alls um 7 km. Með Sultartangavirkjun var fyrirhugað að stífla Þjórsá og Tungnáá skammt ofan við ármótin upp í hæð 290 m y.s. Heildarfallhæð var 130 m niður í Fossá í hæð 160 m y.s. Í síðari álitsgerð um virkjun við Sultartanga (2.08) var gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og við 100 MW virkjun, sem lýst var að framan, en með miðlun í Þórisvatni (2000 G1) ásamt veitu úr Köldukvísl var nú ráðgert að fullvirkja ána og var fyrirhugað afl 330 MW. Síðast nefndar áætlanir voru byggðar á mjög ófullkomnum gögnum. Varðandi Sultartangavirkjun sýna síðari uppdrættir, að með þeim gangalengdum, sem reiknað var með, verður fallhæð vart meiri en 115 m í stað 130 m.

Snemma árs 1963 birtir Harza undirbúningsáætlun að framkvæmdum Búrfellsþirkjunar í tveimur bindum (2.09). Áætlun Harza um Búrfellsþirkjun í mynzturáætluninni (2.02) leiddi til viðtækra undirbúningsrannsóknna á vegum Raforkumálastjóra. Rannsóknir á

berglögum leiddu í ljós, að hlutafallslega djúpt var á trygga undirstöðu í fyrirhuguðu stíflustæði, og að mikil lekahætta var í millilögum Þjórsárhrauna. Var því horfið frá hárri stíflu og hreinrennslisvirkjun talin hagkvæm sem byrjunarvirkjun. Með hliðsjón af stærð inntakslóns og berggrunni í stöðvarhússtæði var ráðgert að stífla Þjórsá um 2 km neðan við Klofaey og veita vatninu í opnum skurði í svo nefnt Bjarnalækjarlón, sem myndaði inntakslón virkjunarinnar. Úr Bjarnalækjarlóni var fyrirhugað að virkja um göng undir Sámsstaðamúla niður í Fossá í 125 m hæð y.s. Heildarfall varð 119 m og við lokastig var ráðgert að nýta 174 kl/s eða um 180 MW í sex vélasamstæðum. Lokaáætlun Harza um rennslisvirkjun við Búrfell birtist í apríl 1965 (2.10). Er nú gert ráð fyrir virkjun í áföngum, sem á lokastigi verði 210 MW.

Í áætlun Sætersmoen (2.06) eru auk Búrfellsvirkjunar gerðar áætlanir um virkjun Hrauneyjafoss, um 100 MW með heildarfallhæð 96 m; Skarð, 48 MW og 13 m fall; Þjórsárholt, 65 MW og 18 m fall; Hestafoss, 65 MW og 18 m fall og Urriðafoss, 110 MW og 30 m fall.

Í apríl 1955 gerði verkfræðistofan samanburðaráætlanir um fjórar mismunandi tilhaganir við 80 MW virkjun við Urriðafoss (2.11).

Fyrstu áætlanir um virkjun Fossár í Þjórsárdal (Háifoss) gerði verkfræðistofan í apríl 1955 (2.12) og síðar í mars 1957 voru gerðar áætlanir um fullvirkjun Háafoss, sem byggðar voru á nýjum gögnum (2.13). Áætlunin gerði ráð fyrir 50 MW virkjun í áföngum. Í fyrsta lagi án veitu, síðan með aukinni miðlun og veitu úr Stóru-Laxá og loks með viðbótarveitu úr Dalsá og Kisú.

#### 4.2 Hvítárvirkjanir.

Af vatnasviði Hvítár liggja nú fyrir samfelldir yfirlitsuppdrættir allt niður fyrir Haukholt. Bláfellssvæðið var myndmælt árin 1956-'57 og teiknað í mælikvarða 1:10 000 (1.18). Aður hafði svæðið við Hvítárvatn verið mælt í mælikv. 1:5000 (1.19). Gerð yfirlitsuppdrátta í mælikvarða 1:20 000 er nú hafin og fyrstu frumuppdrættir liggja fyrir (1.29). Af öðrum mælingum má hér nefna Sandvatn (1.21) Gullfoss (1.24), Hestvatn (1.26) og Brúará (1.27).

Þessara og fleiri uppdráttar er getið í gagnaskrá.

Í greinargerð Sigurðar Thoroddsen frá 1954 (2.01) er gerð grein fyrir þemur virkjunum í Hvítá, Bláfell (26 MW), Gullfoss (82 MW) og Drumboddsstaðir (26 MW). Jafnframt var gert ráð fyrir veitu úr Hvítá í Þjórsá með virkjun við Urriðafoss, eins og áður er minnzt á.

Í mynzturáætlun Harza (2.02) er gerð grein fyrir 10 virkjunum á Hvítárvæðinu auk miðlunarvirkja við Hvítárvatn og Apavatn.

Samtals var uppsett afl ráðgert 611 MW og er virkjunarfyrirkomulagi lýst nánar í eftirfarandi skrá 57.

Í erindi Sigurðar Thoroddsen frá 1962 (2.03) er ráðgert að virkja á 14 stöðum á Hvítárvæðinu auk miðlunarvirkja við Hvítárvatn og veituvirkja við Sandvatn. Í eftirfarandi skrá 58 er gerð nánari grein fyrir einstökum virkjunum. Samtals var áætlað að nýta mætti 3441 GWh/a í meðalári.

Sérstakar áætlunar um virkjun Hvítár við Bláfell voru fyrst gerðar árið 1957 (2.15) eftir tilkomu uppdráttar (1.19) og (1.20). Gerð var áætlun um miðlunarstíflu við Hvítárvatn vegna virkjana við Tungufell og Ábóta. Ennfremur voru gerðar áætlunar um 27 og 38 MW virkjanir við Ábóta. Með tilkomu uppdráttar (1.18) var árið 1958 gerð álitsgerð um heildarnýtingu fallsins við Bláfell (2.16). Fyrirhugað var að virkja fallið í einu eða tveimur orkuverum með miðlunar- og inntaksstíflu við Hvítárvatn. Virkjun í einu lagi, Bláfell I, var ráðgerð 124 MW, en í tvennu lagi, Lambafell og Bláfell II (Sandárver) 147 MW samtals. Þá var ennfremur gerð áætlun um sérstaka miðlunarstíflu við Hvítárvatn og virkjun; í tveimur orkuverum, Ábóta og Bláfell II, samtals 142 MW. Í mynzturáætlun Harza (2.02) var, eins og sést í meðfylgjandi yfirlitsskrá 57, ráðgert að nýta umrætt fall í fjórum orkuverum, Ábóta, Sandártungu (Sandárver), Bláfellshólma og Fremstaveri, samt. 180 MW. Árið 1961 var hafin áætlanagerð um Bláfells-virkjanir hér á verkfræðistofunni. Til athugunar var að virkja fallið í allt að fimm orkuverum, Ábóta, Sandárveri, Miðveri, Bláfellshólma og Fremstaveri. Ekki var lokið við áætlanagerð þessa.

í nóvember 1961 gerði verkfræðistofan áætlun um 100 MW virkjun við Sandárver (Sandártunga) ásamt miðlunarvirkjum við Héítárvatn (2.17). Ráðgert var að virkja um 100 m fall með inntaksstíflu í Sandá og rúmlega 5 km löngum vatnsvegum.

Í álitsgerð Verkfræðistofunnar frá febr. 1957 (2.15) eru gerðar áætlanir um tvær mismunandi tilhaganir á virkjun við Tungufell (Gullfoss). Tilhögun I, 187 MW, gerir ráð fyrir virkjun niður í Hvítá við Nautavík. Virkjað rennsli var ráðgert 200 kl/s. Tilhögun II, 215 MW, gerir ráð fyrir virkjun niður í Tungufljót í um 95 m hæð y.s., eða um 1,2 km ofan við mótt þess við Kjóastaðalæk. Virkjað rennsli var fyrirhugað hið sama, 200 kl/s.

Í maí 1961 voru gerðar lauslegar samanburðaráætlanir um ofannefndar tilhaganir við breytilegt uppsett afl (2.18).

Sama ár var að beiðni Raforkumállastjóra gerð áætlun um 100 MW virkjun við Tungufell í höfuðatriðum í samræmi við tilhögun I, þ.e. virkjun niður í Hvítá í um 114 m hæð y.s. (2.19).

Í mars 1959 gerði verkfræðistofan áætlanir um þrjár virkjanir á neðri hluta Hvítárvæðisins, í Brúará við Dynjanda 5,5 MW, Hvítá úr Hestvatni 26 MW (umsögn) og Ölfusá við Selfoss 20 MW (2.20).

Eftir tilkomu mynzturáætlunar Harza (2.02) árið 1960 vaknaði sérstakur áhugi á Hestvatnsvirkjun og voru þá þegar hafnar umfangsmiklar athuganir á virkjunarmöguleikum. Niðurstöður þessara athugana voru birtar í fimm bindum, sem öll eru einnig til í enskri þýðingu. Fimmta bindi (2.21) fjallar um mannvirki virkjunarinnar og er þar gerð áætlun um allt að 57 MW virkjun í **áföngum**.

Að beiðni Raforkumállastjóra voru í maí 1961 gerð frumdrög að 5,8 MW virkjun í Brúará við Dynjandi (2.23), og jafnframt var bent á (2.24), að um frekar hagstæð virkjunarskilyrði myndi vera að ræða í efri hluta árinnar. Árið eftir voru gerðar áætlanir um þrjár mismunandi heildartilhaganir við virkjun efri hluta Brúarár, 22-24 MW (2.25). Athugaðir voru alls fimm virkjunarstaðir, Kálfárvirkjun, Hrútárvirkjun, Vallárvirkjun, Reykjavíkvirkjun og Efstadalsvirkjun. Síðast nefnd virkjun reynnist hagkvæmust og var þar reiknað með 18,2 MW virkjun með 15,5 m heildarfallhæð.

Virkjun	Yfir-vatn m.y.s.	Undir-vatn m.y.s.	Heildarfallhæð m.y.s.	Lengd vatnsv. km	Miðlun G1	Lækkun í 16ni m	Virkjað rennslí Grunnst. kl/s	Afl Toppst. MW	Grunnst. MW	Toppst. MW	Orka meðalári GWh/a
Norðl.a.	590	-	-	-	1200	15	-	-	35	-	-
Hvanng.foss	515	490	25	≈0	-	-	160	-	-	-	190
Dynkur	490	305	185	8,0	-	-	-	250	-	360	1600
Búrfell	260	121	139	2,5	1000	20	-	670	-	710	3100
Skarð	121	85	36	2,0	-	-	520	-	140	-	870
Búðafoss	80	66	14	≈0	-	-	520	-	60	-	360
Urríðaf.	46	11	35	2,5	-	-	540	-	140	-	850
Hórisvatn	571	-	-	-	1500	27	-	-	Miðlun og veitá	-	-
